



 LANDSBRÉF

# Ársreikningur

## 2024



# Efnisyfirlit

## A-hluti

Bls.

### Ársreikningur rekstrarfélagsins

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	7
Rekstrarreikningur .....	10
Efnahagsreikningur .....	11
Sjóðstremisýfirlit .....	12
Skýringar .....	13
Viðauki (óendurskoðaður)	
Stjórnarháttayfirlýsing .....	23
Hlutfall grænna eigna .....	27

## B-hluti

### Ársreikningur verðbréfasjóða

Samandreginn ársreikningur .....	31	Landsbréf - Sparibréf verðtryggð hs. ....	51
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign .....	32	Landsbréf - Sparibréf óverðtryggð hs. ....	57
Efnahagsreikningur .....	33	Landsbréf - Markaðsbréf hs. ....	62
Landsbréf - Sparibréf stutt hs. ....	34	Landsbréf - Global Equity Fund hs. ....	69
Landsbréf - Sparibréf meðallöng hs. ....	39	Landsbréf - Global Portfolio hs. ....	75
Landsbréf - Sparibréf plús hs. ....	45	Landsbréf - Nordic 40 hs. ....	81
		Landsbréf - LEQ UCITS ETF hs. ....	89

### Ársreikningur sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta

Samandreginn ársreikningur .....	96	Landsbréf - Einkabréf D hs. ....	166
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign .....	97	Landsbréf - Einkabréf E hs. ....	168
Efnahagsreikningur .....	99	Landsbréf - Veltubréf hs. ....	180
Landsbréf - Eignadreifing langtíma hs. ....	101	Landsbréf - Veltubréf plús hs. ....	186
Landsbréf - Eignadreifing sjálfbær hs. ....	109	Landsbréf - Markaðsbréf sértryggð hs. ....	193
Landsbréf - Eignadreifing virði hs. ....	117	Landsbréf - Fyrirtækjaskuldabréf hs. ....	199
Landsbréf - Eignadreifing vöxtur hs. ....	127	Landsbréf - Úrvalsbréf hs. ....	207
Landsbréf - Eignadreifing varfærin hs. ....	135	Landsbréf - Öndvegisbréf hs. ....	215
Landsbréf - Einkabréf A hs. ....	140	Landsbréf - Hekla hs. ....	223
Landsbréf - Einkabréf B hs. ....	148	Landsbréf - Global Multi Asset Fund hs. ....	231
Landsbréf - Einkabréf C hs. ....	157	Landsbréf - LEQ150 ETF hs. ....	237

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi félagsins

Landsbréf hf. hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og rekstraraðili sérhæfðra sjóða, sbr. lög nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Auk þess hefur félagið viðbótarstarfsheimildir til að sinna eignastýringu og fjárfestingaráðgjöf.

## Eignaraðild og framsetning ársreiknings:

Hluthafar í Landsbréfum hf. eru tveir:	Eignarhluti
Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf., kt. 530407-1790 .....	99,99%
Blámi fjárfestingarfélag ehf., kt. 470301-3920 .....	0,01%

Báðir hluthafar félagsins eru dótturfélög Landsbankans hf. sem er að meirihluta til í eigu íslenska ríkisins sem á um rúm 98% hlutafjár í Landsbankanum.

Ársreikningur Landsbréfa skiptist í A og B-hluta, þar sem A-hluti hefur að geyma ársreikning félagsins sjálfs, en B-hluti ársreikning verðbréfasjóða og sérhæfðra hlutdeildarsjóða í rekstri Landsbréfa. Sjóðum í stýringu félagsins má skipta í þrjá flokka, þ.e. verðbréfasjóði, sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta og svo aðra sérhæfða sjóði. Þessum öðrum sérhæfðum sjóðum má síðan skipta eftir því hvort þeir eru reknir á sjóðaformi sem hlutdeildarsjóðir eða á félagiformi. Hlutdeildarsjóðir eru hluti af B-hluta ársreikningsins, en sérhæfðir sjóðir sem eru reknir á félagiformi eru ekki hluti af reikningsskilum Landsbréfa, enda sjálfstæðir lögaðilar. Allir sjóðir í B-hluta eru fjárhagslega aðgreindir frá öðrum sjóðum félagsins og fjárreiðum Landsbréfa sjálfra. Af B-hluta ársreikningsins er einungis birtur opinberlega sá hluti sem hefur að geyma ársreikninga verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta.

Landsbréf hf. eru dótturfélag Landsbankans hf. og er A-hluti ársreiknings Landsbréfa hf. hluti af samstæðureikningi Landsbankans hf., en B-hluti hans ekki nema í þeim tilvikum þar sem samstæða Landsbankans hefur yfirráð hlutdeildarskírteina í einstökum sjóðum í skilningi laga um ársreikninga. Framsetning ársreikningsins er í samræmi við reglur Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands nr. 1240/2020, um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Félagið starfar sem sjálfstæð fjármálastofnun og er stjórn félagsins óháð Landsbankanum hf.

## Afkoma og helstu atriði í rekstri félagsins á árinu 2024

Hreinar rekstrartekjur félagsins á árinu 2024 námu rúmum 2.717 milljónum króna, samanborið við tæpar 2.405 milljónum króna á árinu 2023. Hagnaður af rekstri ársins 2024 eftir skatta var samkvæmt rekstrarreikningi rúmar 1.272 milljónir króna, samanborið við tæpar 1.035 milljónir króna á árinu 2023. Eigið fé Landsbréfa hf. í lok ársins 2024 var rúmar 4.390 milljónir króna samkvæmt efnahagsreikningi, en var í lok ársins 2023 tæpar 4.118 milljónir króna. Eiginfjárlutfall félagsins var 70,82% í lok árs 2024 samanborið við 71,80% í lok ársins 2023. Stjórn mun leggja til 1.000 m. kr. í arðgreiðslu á aðalfundi félagsins.

Aðalfundur var haldinn þann 30. apríl 2024. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf. Í stjórn félagsins voru kjörin Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, formaður, sem kom ný í stjórn félagsins og svo voru endurkjörin þau Anna Bjarney Sigurðardóttir og Jón Þorsteinn Oddleifsson. Einar Þór Harðarson var endurkjörinn sem varastjórnarmaður. Þórunna Jónsdóttir sem gegnt hafði formennsku í stjórninni gaf ekki kjör á sér til áframhaldandi setu í stjórninni. Samþykkt var að greiða 1.000 milljónir króna í arð til hluthafa og fór sú arðgreiðsla fram í maí 2024.

Alls voru um 20 þúsund einstaklingar og lögaðilar með fjármuni í sjóðum Landsbréfa í lok ársins 2024. Eignir í stýringu voru um 543 milljarðar króna í lok ársins 2024 samanborið við 472 milljarða króna í lok árs 2023.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, viðauki við ársreikning um stjórnarháttayfirlýsingu og viðauki um hlutfall grænna eigna sem lágu fyrir við áritun okkar.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

## Afkoma og helstu atriði í rekstri félagsins á árinu 2024 (framhald)

Í lok árs voru 22 stöðugildi í Landsbréfum hf. en ársverkin voru 21,6. Ekki voru greiddir neinir kaupaukar né naut starfsfólk annarra breytilegra starfskjara á árinu 2024.

Rekstur Landsbréfa gekk vel á árinu. Ávöxtun sjóða félagsins var almennt góð að teknu tilliti til markaðsaðstæðna og þá sérstaklega í samanburði við samkeppnisaðila. Verðbólga fór að hjaðna þegar leið á árið og Seðlabanki Íslands hóf vaxtalækkunarferli sitt. Síðustu mánuðir ársins voru sérlega hagfelldir á innlendum hlutabréfamarkaði og nutu hlutabréfasjóðir Landsbréfa og eignadreifingarsjóðir góðs af því. Væntingar um lækkandi verðbólgu og vaxtalækkunir gefa fyrirheit um gott yfirstandandi ár á mörkuðum og þar með fyrir sjóði Landsbréfa, þó ýmsir óvissuþættir geti haft neikvæð áhrif og þá einkum ýmis alþjóðleg óvissa. Almennt má segja að grunnrekstur Landsbréfa hafi gengið mjög vel á árinu 2024 og er félagið fjárhagslega sterkt, rekstur stöðugur og stendur tekjugrundvöllur félagsins traustum fótum.

Landsbréf ráku í árslok alls 41 sjóð, bæði verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði. Er sjóðaframboð Landsbréfa orðið mjög breitt og þar er hægt að finna fjárfestingakosti sem henta vel flestum fjárfestum. Á árinu hóf nýr eignadreifingarsjóður starfsemi, Landsbréf - Eignadreifing varfærin hs. og er hann rekinn sem fylgisjóður Landsbréfa - Einkabréfa B hs. Þá var Landsbréf - Global Portfolio hs. breytt úr sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta í verðbréfasjóð og er sá sjóður höfuðsjóður fyrir fylgisjóðinn Landsbréf - Global Equity Fund hs. Undir lok árs var framtakssjóðurinn Horn V slhf. stofnaður og heimild fengin frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands til að markaðssetja hann til fagfjárfesta. Á síðari hluta árs var hlutabréfasjóðnum Landsbréf - Heklu hs. breytt úr fagfjárfestastjóði í sérhæfðan sjóð fyrir almenna fjárfesta og hlaut hann strax góðar viðtökur hjá fjárfestum. Á árinu 2024 var einum sjóði slitið, þ.e. Landsbréf - Hvatningu slhf. en sá sjóður var sjóður um sameiginlega fjárfestingu um hlutabréf í Bláa Lóninu hf. og voru hlutabréf sjóðsins í því félagi framseld til hluthafa í tengslum við slitin. Ýmsir kostir eru í þróun og má búast við að það bætist í vöruframboð Landsbréfa á næstu misserum.

## Stjórnarhættir, áhættustýring, innra eftirlit og aðrar ófjárhagslegar upplýsingar

Í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins er að finna ítarlega lýsingu á stjórnarháttum félagsins, en hana er að finna á heimasíðu félagsins (landsbref.is) auk þess sem hún er birt með reikningsskilum þessum og telst hluti þeirra, auk þess sem um ófjárhagslega upplýsingagjöf má einnig vísa til reikningsskila móðurfélagsins, Landsbankans hf.

Stjórn Landsbréfa hf. hefur sett stefnu um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu, stefnu um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu í tengslum við fjárfestingaráðgjöf, stefnu um sjálfbærni í rekstri og starfsemi og eigendastefnu fyrir sjóði félagsins. Þessar stefnur eru birtar á sjálfbærnivef Landsbréfa (landsbref.is/sjalfbaerni). Auk þess eru Landsbréf aðili að Viðmiðum um ábyrgar fjárfestingar (Principles for Responsible Investment, PRI) og IcelandSIF. Landsbréf leggja áherslu á fimm af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í starfi sínu en þau eru númer 5 um jafnrétti kynjanna, númer 7 um sjálfbæra orku, númer 8 um góða atvinnu og hagvöxt, númer 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu og númer 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. Landsbréf birta ítarlegri upplýsingar um umhverfis- og félagsþætti og stjórnarhætti (UFS) samkvæmt viðmiðum Nasdaq UFS á sjálfbærnivef Landsbréfa (landsbref.is/sjalfbaerni).

Á árinu 2024 var framkvæmd tvöföld mikilvægisgreining sem var samvinnuverkefni starfsfólks Landsbréfa, ytri hagsmunaaðila og Deloitte, slík greining er grunnur að stefnumörkun og markmiðasetningu á sviði sjálfbærni. Samþykkt var aðferðafræði, UFS handbók og ný stefna var sett fyrir Landsbréf. Innra regluverk Landsbréfa tengt sjálfbærni var uppfært á árinu sem byggði á eldra regluverki um sama efni og upplýsingar birtar út á við á vefsíðu. Þá hefur sjálfbærninefnd Landsbréfa tekið til starfa.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

---

## **Stjórnarhættir, áhættustýring, innra eftirlit og aðrar ófjárhagslegar upplýsingar (framhald)**

Í rekstri sjóða hefur áhersla á sjálfbærni og sjálfbærniáhættu stöðugt meira vægi og er ítarlega fjallað um þessa þætti í útboðslýsingum sjóða. Þá er í viðauka við ársreikninginn birt yfirlit um hlutfall grænna eigna í stýringu Landsbréfa. Settar hafa verið ítarlegar innri reglur um áreiðanleikakannanir við fjárfestingar til að tryggja sem faglegust vinnubrögð við fjárfestingaákvæðanir. Einn sjóður, Landsbréf – Eignadreifing sjálfbær hs., er nú flokkaður sem 8. gr. sjóður samkvæmt SFDR og reglur sjóðsins kveða á um að lágmarkshlutfall sjálfbærra fjárfestinga sjóðsins sé á hverjum tíma að minnsta kosti 80%. Markmiðið er að fjölga þeim sjóðum sem geta flokkast sem 8. gr. sjóðir á árinu 2025.

Með stefnu sinni um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu hafa Landsbréf skilgreint hvernig sjálfbærniáhætta er samþætt í ákvarðanatökufærli fjárfestinga og til að takmarka neikvæðar afleiðingar af sjálfbærniáhættu eru fjárfestingarkostir metnir út frá sjálfbærni og umhverfislegir, félagslegir þættir og stjórnarhættir skoðaðir sérstaklega. Loftslagsáhætta er metin í eignasöfnum sjóða. Sem stendur er það mat Landsbréfa að loftslagsáhætta í eignasöfnum sjóða sé tiltölulega lág til skamms tíma lítið en líklegt er að hún aukist til meðallangs og langs tíma ef aðgerðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum ganga hægar en áætlanir gera ráð fyrir eða að þær hafi ekki tilætluð áhrif. Umbreytingaráhætta er meira aðkallandi til skamms og meðallangs tíma þar sem verið er að innleiða nýjar yfirgrípsmiklar reglugerðir á alþjóðavísu á sviði sjálfbærni og loftslagsmála sem gætu haft áhrif á fjármálamarkaði og verðmæti eignasafna sjóða. Viðhorf viðskiptavina til fjárfestinga gæti breyst og ef Landsbréf gæta ekki að vöruframboði sínu gætu eignir í stýringu minnkað. Eftirstæð áhætta vegna hlítu Landsbréfa við lög og reglur er lúta að sjálfbærni er talin vera í meðallagi þar sem að ferlar og innra regluverk er til staðar innan félagsins til þess að lágmarka hlítuáhættu sem hefur myndast vegna umfangsmikils regluverks á sviði sjálfbærni, skorts á gögnum frá útgefendum fjármálagerninga er lúta að sjálfbærnimælingum og nýjum kröfum sem gerðar eru til rekstraraðila sjóða.

Þá hafa Landsbréf sett sér stefnu um varnir gegn mútum og spillingu og reglur um varnir gegn hagsmunaaðrekstrum auk fleiri innri reglna. Með skilvirkum ferlum, traustu regluverki og hæfu starfsfólki leggja Landsbréf grunninn að faglegri stýringu sjóða og safna á vegum félagsins.

Landsbréf hf. lúta opinberu eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins. Mögulegir áhættuþættir eru greindir með skipulögðum hætti og þar á meðal sérstök áhersla lögð á greiningu á mögulegum hagsmunaaðrekstrum og aðgerðum til að lágmarka neikvæðar afleiðingar þeirra. Með þessari vinnu er markvisst unnið að því að treysta alla umgjörð rekstrarfélagsins og tryggja traustan og heilbrigðan rekstur. Gengið er úr skugga um að rekstur félagsins sé í samræmi við markmið þess og að reikningsskil þess séu í samræmi við þær reglur sem um þau gilda. Sjóðir í B-hluta standa frammi fyrir margvíslegri áhættu, þ.e. rekstraráhættu, markaðsáhættu, skuldaraáhættu, gjaldmiðlaáhættu, verðbólguáhættu, frammistöðuáhættu, sjálfbærniáhættu, seljanleikaáhættu og lausafjáraáhættu. Áhættustjórnun sjóðanna beinist að aðgerðum til þess að stýra þessum áhættuþáttum. Sjóðstjórar sjóðanna leitast við að stýra áhættuþáttum meðal annars með virkri stýringu fjármálagerninga þar sem það á við. Þannig geta sjóðir sem fjárfesta bæði í innlendum og erlendum fjármálagerningum lágmarkað gjaldmiðlaáhættu með afleiðusamningum ef þeir meta áhættuna mikla. Hjá Landsbréfum starfar jafnframt sérstök áhættustýringareining sem fylgist náið með því að sjóðir séu á hverjum tíma innan fjárfestingaheimilda og áhættusnið sé innan þeirra marka sem reglur sjóðanna og lög setja. Áhættustjóri kemur á alla reglulega fundi stjórnar Landsbréfa og gerir grein fyrir frávikum ef einhver eru og ber jafnframt að tilkynna öll frávik til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Útboðslýsingar sjóða, upplýsingablað og lykilupplýsingar má m.a. finna á vefsíðu félagsins (landsbref.is). Í útboðslýsingum er ítarleg umfjöllun um áhættuþætti í rekstri einstakra sjóða og í lykilupplýsingum og upplýsingablaði má finna áhættukvarða sem er mælikvarði á sveiflur í verðmæti eigna viðkomandi sjóðs og eins eru birtar upplýsingar um staðalfrávik ávöxtunar. Reglulegar skýrslur eftirlitseininga eru lagðar fyrir stjórn til skoðunar. Endurskoðendur félagsins eru kosnir á aðalfundi og er PriceWaterhouseCoopers ehf. endurskoðunarfélag Landsbréfa hf.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

---

## **Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2024 og breytingum á handbæru fé á árinu.

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfesta hann með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 26. mars 2025

Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, formaður stjórnar

Anna Bjarney Sigurðardóttir, meðstjórnandi

Jón Þorsteinn Oddleifsson, meðstjórnandi

Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa í Landsbréfum hf. og eigenda hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta í rekstri Landsbréfa hf.**

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landsbréfa hf. fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2024, efnahag félagsins og sjóðanna 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé félagsins og hreinni eign sjóðanna á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

*Ársreikningurinn er í tveimur hlutum og innifelur*

*Ársreikningur A hluta, rekstrarfélagið*

- Skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra.

- Rekstrarreikning fyrir árið 2024.

- Efnahagsreikning þann 31. desember 2024.

- Sjóðstreymisyfirlit fyrir árið 2024.

- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

*Ársreikningur B hluta sem ná til verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta*

- Samandreginn ársreikning verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta.

- Rekstrarreikning og yfirlit um breytingu á hreinni eign fyrir árið 2024.

- Efnahagsreikning þann 31. desember 2024.

- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra og viðauki við ársreikning eru undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

## Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

## Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, viðauki við ársreikning um stjórnarháttayfirlýsingu og viðauki um hlutfall grænna eigna sem lágu fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

---

## **Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra (framhald)**

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

## **Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## **Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.



# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

---

## Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins (framhald)

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 26. mars 2025.

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Arna G. Tryggvadóttir  
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur 2024

		2024	2023
<b>Rekstrartekjur</b>			
Umsýslubóknun og árangurstengdar þóknanir .....		2.184.702	2.140.355
Fjármunatekjur .....	3	517.318	219.892
Aðrar tekjur .....		15.317	45.545
		<u>2.717.337</u>	<u>2.405.792</u>
	<b>Heildartekjur</b>		
Fjármagnsgjöld .....	3	( 49)	( 456)
	<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<u>2.717.288</u>	<u>2.405.336</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4	715.701	721.409
Þjónustugjöld til Landsbankans .....		198.156	203.218
Annar rekstrarkostnaður .....	5	134.476	131.831
Afskriftir .....	6	8.982	31.121
		<u>1.057.315</u>	<u>1.087.580</u>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>		1.659.973	1.317.756
Tekjuskattur .....	7	( 387.573)	( 282.885)
<b>Hagnaður ársins .....</b>		<u>1.272.399</u>	<u>1.034.871</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
<b>Eignir</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	8	3.683.681	3.431.690
Verðbréf með föstum tekjum .....		27.351	26.429
Langtímakröfur á tengda aðila .....		730.503	623.383
Viðskiptakröfur á tengda aðila .....		682.589	629.074
Aðrar eignir .....	9	47.523	49.795
Handbært fé .....		67.802	59.888
<b>Eignir samtals</b>		<u>5.239.448</u>	<u>4.820.260</u>
	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		35.000	35.000
Yfirverðsreikningur .....		1.437.000	1.437.000
Lögbundinn varasjóður .....		8.750	8.750
Bundinn gangvirðisreikningur .....		668.687	422.978
Óráðstafað eigið fé .....		2.240.685	2.213.994
<b>Eigið fé samtals</b>	12	<u>4.390.122</u>	<u>4.117.722</u>
<b>Skuldir</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	11	16.155	14.090
Skattskuld .....	11	385.513	283.764
Skuldir við tengda aðila .....		164.210	154.352
Aðrar skuldir .....		283.449	250.332
<b>Skuldir samtals</b>		<u>849.326</u>	<u>702.538</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>5.239.448</u>	<u>4.820.260</u>

# Sjóðstreymisýfirlit 2024

	Skýr.	2024	2023
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....	12	1.272.399	1.034.871
<b>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:</b>			
Afskriftir .....	6	8.982	31.121
Tap af sölu rekstrarfjármuna .....	9	805	0
Gangvirðisbreyting verðbréfa .....		( 443.820)	( 166.362)
Fjármunatekjur .....		( 73.335)	( 53.498)
Gjaldfærður tekjuskattur .....	7	387.573	282.885
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<u>1.152.604</u>	<u>1.129.017</u>
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>			
Langtímakröfur á tengda aðila, breyting .....		( 47.267)	(54.027)
Viðskiptakröfur á tengda aðila, breyting .....		( 53.515)	(179.160)
Aðrar eignir, breyting .....		4.531	( 1.659)
Skuldir við tengda aðila, breyting .....		9.857	37.620
Aðrar skuldir, breyting .....		33.117	29.692
<b>Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda</b>		<u>( 53.277)</u>	<u>( 167.534)</u>
Móttæknar vaxtatekjur .....		13.531	10.334
Greidd vaxtagjöld .....		(49)	(33)
Fenginn arður .....		12.000	10.500
Greiddur tekjuskattur .....		( 283.759)	( 255.869)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>841.050</u>	<u>726.415</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Keypt verðbréf .....		( 932.098)	( 1.649.439)
Seld verðbréf .....		1.111.006	1.628.471
Keyptir rekstrarfjármunir .....	9	( 12.075)	( 39.375)
Seldir rekstrarfjármunir .....	9	30	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<u>166.864</u>	<u>( 60.343)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddur arður .....		( 1.000.000)	( 700.000)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<u>( 1.000.000)</u>	<u>( 700.000)</u>
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>		7.914	( 33.928)
<b>Handbært fé í upphafi árs .....</b>		59.888	93.816
<b>Handbært fé í lok árs .....</b>		<u>67.802</u>	<u>59.888</u>

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um félagið

Landsbréf hf. eru íslenskt hlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Landsbréf hf. eru fjármálastofnun með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með félaginu á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Landsbréf hf. annast rekstur verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða og hafa auk þess viðbótarstarfsheimildir til að sinna eignastýringu og fjárfestingaráðgjöf. Ársreikningur Landsbréfa hf. inniheldur A-hluta og B-hluta. A-hluti nær til rekstrarfélagsins, B-hluti nær til verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða sem reknir eru sem hlutdeildarsjóðir. Ársreikningurinn er birtur opinberlega í heild sinni að öðru leyti en því að úr B-hluta ársreikningsins eru einungis birtir ársreikningar verðbréfasjóða og ársreikningar sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta, en ekki annarra sérhæfðra sjóða. Fjárfestar í einstökum sjóðum B-hluta geta ávallt fengið afrit af ársreikningi þeirra sjóða sem þeir eiga hlutdeild í, hvort sem þeir hafa verið birtir opinberlega eða ekki.

Landsbréf hf. eru með starfsstöð sína á Íslandi og fer starfsemin fram í Reykjastræti 2, 101 Reykjavík. Félagið er dótturfélag Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. sem er í 100% eigu Landsbankans hf., Reykjastræti 6 í Reykjavík.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun félagsins

Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins. Mögulegir áhættuþættir eru greindir með skipulögðum hætti og markvisst unnið að því að treysta alla umgjörð rekstrarfélagsins. Hámarks útlánaáhætta Landsbréfa er bókfært verð fjáreigna félagsins.

Sjóðir í B-hluta standa frammi fyrir margvíslegri áhættu, þá einna helst skuldaráhættu, markaðsáhættu, lausafjáraáhættu, rekstraráhættu, gjaldmiðlaáhættu, verðbólguáhættu, frammistöðuáhættu og sjálfbærniáhættu. Áhættustjórnun sjóðanna beinist að aðgerðum til þess að stýra þessum áhættuþáttum og sjóðstjórar sjóðanna leitast einnig við að stýra áhættuþáttum meðal annars með virkri stýringu fjármálagerninga þar sem það á við. Þannig geta sjóðir sem fjárfesta bæði í innlendum og erlendum fjármálagerningum lágmarkað gjaldmiðlaáhættu með afleiðusamningum ef þeir meta áhættuna mikla. Til að takmarka neikvæðar afleiðingar af sjálfbærniáhættu er leitast við að samþætta greiningu á henni inn í vörubrúun og fjárfestingarákvarðanir.

Fyrir alla sjóði í B-hluta er birt útboðslýsing, lykilupplýsingar og upplýsingablað eins og lög kveða á um. Í útboðslýsingum sjóðanna sem finna má á vefsíðu Landsbréfa ([www.landsbref.is](http://www.landsbref.is)) er ítarleg umfjöllun um áhættu tengda viðkomandi sjóði. Í lykilupplýsingum sem einnig má finna á vefsíðu félagsins er birtur áhættukvarði sjóða ásamt sviðsmyndum ávöxtunar. Hjá Landsbréfum starfar sérstök áhættustýringareining sem fylgist náið með því að sjóðir séu á hverjum tíma innan fjárfestingaheimilda og að áhættusnið séu innan þeirra marka sem settar eru fram í reglum hvers sjóðs. Áhættustjóri hefur aðkomu að reglulegum fundum stjórnar Landsbréfa og gerir grein fyrir frávikum frá fjárfestingarstefnum sjóða ef einhver eru. Áhættustýringu ber jafnframt að tilkynna öll slík frávik til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

# Skýringar, frh.

## 3. Fjármunatekjur, (fjármagnsgjöld)

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 16.4.

	2024	2023
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Hreinar tekjur af verðbréfum .....	431.820	155.862
Vaxtatekjur .....	73.384	53.530
Gengishagnaður gjaldmiðla .....	113	0
Arður af veðskuldabréfasjóði .....	12.000	10.500
Fjármunatekjur samtals .....	517.318	219.892
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld .....	(49)	(33)
Gengistap gjaldmiðla .....	0	(423)
Fjármagnsgjöld samtals .....	(49)	(456)

## 4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2024	2023
Laun .....	550.339	554.109
Iðgjöld til lífeyrissjóða .....	84.290	85.484
Launatengd gjöld .....	81.072	81.817
Laun og launatengd gjöld samtals .....	715.701	721.409
Starfsfólk í lok árs .....	22	21
Fjöldi ársverka .....	21,6	21,7
Fjöldi í stjórn .....	3	3

Greidd laun og hlunnindi til stjórnar og framkvæmdastjóra árið 2024 greinast þannig :

	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Samtals
Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri .....	52.437	8.469	60.907
Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, stjórnarformaður .....	5.320	718	6.038
Anna Bjarney Sigurðardóttir, meðstjórnandi .....	4.478	605	5.083
Jón Þorsteinn Oddleifsson, meðstjórnandi .....	4.539	681	5.220
Þórunn Jónsdóttir, fyrrverandi formaður .....	2.647	357	3.004
Einar Þór Harðarson, varamaður .....	138	19	157

Greidd laun og hlunnindi til stjórnar og framkvæmdastjóra árið 2023 greinast þannig :

	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Samtals
Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri .....	42.863	6.896	49.759
Þórunn Jónsdóttir, stjórnarformaður .....	6.918	934	7.852
Anna Bjarney Sigurðardóttir, meðstjórnandi .....	3.662	494	4.156
Jón Þorsteinn Oddleifsson, meðstjórnandi .....	2.216	332	2.548
Haraldur Flosi Tryggvason, fyrrverandi varaformaður .....	1.388	139	1.527
Einar Þór Harðarson, varamaður .....	130	18	148

# Skýringar, frh.

## 5. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2024	2023
Endurskoðun .....	26.400	22.840
Annað .....	108.076	108.991
Annar rekstrarkostnaður samtals .....	134.476	131.831

## 6. Afskriftir

Afskriftir færðar í rekstrarreikning samanstanda af:	2024	2023
Afskrift viðskiptavildar .....	0	26.500
Afskrift rekstrarfjármuna .....	8.982	4.621
Afskriftir samtals .....	8.982	31.121

## 7. Tekjuskattur

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 16.11

Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning sem hér segir:

	2024	2023
Tekjuskattur til greiðslu .....	( 346.510)	( 264.434)
Sérstakur fjársýsluskattur .....	( 39.003)	( 19.330)
Breyting á tímabundnum mismun skatteigna/-skulda .....	( 2.065)	879
Mismunur á álögðum og reiknuðum tekjuskatti fyrra árs .....	4	0
Tekjuskattur samtals .....	( 387.573)	( 282.885)

Reiknaður tekjuskattur af hagnaði (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn útreiknuðum tekjuskatti í samræmi við tekjuskattshlutfall lögaðila sem hér segir:

		2024		2023
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		1.659.973		1.317.756
Tekjuskattur reiknaður út frá skattahlutfalli lögaðila .....	21,0%	( 348.595)	20,0%	( 263.551)
Sérstakur fjársýsluskattur .....	2,3%	( 39.003)	1,5%	( 19.330)
Áhrif mismunandi skatthlutfalla .....	(0,0%)	103	0,0%	0
Ófrádráttarbær gjöld .....	0,0%	( 88)	0,0%	( 4)
Annað .....	(0,0%)	9	0,0%	0
Virkur tekjuskattur samtals .....	23,3%	( 387.573)	21,5%	( 282.885)

# Skýringar, frh.

## 8. Verðbréf með breytilegum tekjum

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 16.5.

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	31.12.2024		
	Hlutdeildar- skírteini	Hlutabréf	Samtals
Innlend skráð:			
Hlutdeildarskírteini sjóða .....	215.755	0	215.755
Innlend óskráð:			
Hlutdeildarskírteini sjóða .....	3.467.376	0	3.467.376
Aðrir fjármálagerningar .....	0	550	550
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals .....	3.683.131	550	3.683.681

  

	31.12.2023		
	Hlutdeildar- skírteini	Hlutabréf	Samtals
Innlend skráð:			
Hlutdeildarskírteini sjóða .....	91.247	0	91.247
Innlend óskráð:			
Hlutdeildarskírteini sjóða .....	3.339.894	0	3.339.894
Aðrir fjármálagerningar .....	0	550	550
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals .....	3.431.141	550	3.431.690

## 9. Aðrar eignir

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 16.8.

	31.12.2024	31.12.2023
Aðrar eignir :		
Rekstrarfjármunir .....	42.015	39.757
Annað .....	5.508	10.038
Aðrar eignir samtals .....	47.523	49.795

  

	31.12.2024	31.12.2023
Rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Staða í upphafi ársins .....	39.757	5.003
Keypt á árinu .....	12.075	39.375
Selt á árinu .....	( 30)	0
Sölutap á árinu .....	( 805)	0
Afskrifað á árinu .....	( 8.982)	( 4.621)
Staða í lok ársins .....	42.015	39.757
Heildarverð í lok ársins .....	66.755	55.515
Uppsafnaðar afskriftir í lok ársins .....	( 24.740)	( 15.758)
Staða í lok ársins .....	42.015	39.757
Afskriftarhlutföll .....	15%-33%	15%-35%



# Skýringar, frh.

## 10. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Landsbréfa hf. eru móðurfélag þess, Landsbankinn hf. ásamt systur-, dóttur- og hlutdeildarfélögum þess, sjóðir í rekstri Landsbréfa hf., stjórn Landsbréfa hf., lykilstjórnendur og aðilar þeim tengdir. Viðskiptin við Landsbankinn hf. eru í samræmi við þjónustusamning milli bankans og félagsins. Endurgjald fyrir selda þjónustu móðurfélags miðast við stærð sjóða eða fasta fjárhæð.

Félagið var með innlán hjá móðurfélagi sínu á árinu og fékk vaxtatekjur af þeim reikningum í samræmi við eðlilega viðskiptaskilmála.

Sjóðir í rekstri Landsbréfa hf. greiða félaginu umsýsluþóknun og eftir atvikum árangurstengda þóknun líkt og kveðið er á um í útboðslýsingum og rekstrarsamningum sjóða. Áfallnar en ógjaldfallnar þóknanir Landsbréfa hf. eru færðar til eignar í A-hluta og til skuldar í B-hluta. Engar gjaldfallnar kröfur eru á sjóði í rekstri Landsbréfa. Kostnaðarhlutdeild sjóðanna í útlögðum kostnaði telst ekki til viðskipta við tengda aðila í þessu samhengi.

Í rekstrar- og efnahagsreikning hafa verið færð eftirfarandi viðskipti við tengda aðila:

	2024		31.12.2024	
	Tekjur	Gjöld	Eign	Skuld
Landsbankinn hf. ....	272.723	325.271	346.706	82.115
Sjóðir í rekstri Landsbréfa hf. ....	2.566.694	0	4.817.869	82.094
	2023		31.12.2023	
	Tekjur	Gjöld	Eign	Skuld
Landsbankinn hf. ....	339.353	343.472	389.684	82.885
Sjóðir í rekstri Landsbréfa hf. ....	2.155.944	0	4.354.352	71.467

# Skýringar, frh.

## 11. Skattar

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 16.11.

	2024		2023	
	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
Skattskuldir .....	0	385.513	0	283.764
Tekjuskattskuldbinding .....	0	16.155	0	14.090

	2024			2023		
	Eignir	Skuldir	Nettó	Eignir	Skuldir	Nettó
Viðskiptakröfur .....	0	( 14.156)	( 14.156)	0	( 12.603)	( 12.603)
Frestaður gengismunur .....	13	0	13	59	0	59
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	0	( 2.011)	( 2.011)	0	( 1.545)	( 1.545)
	13	( 16.168)	( 16.155)	59	( 14.148)	( 14.090)
Jöfnun skatteignar á móti skattskuld	( 13)	13	0	( 59)	59	0
Skattskuld .....	0	( 16.155)	( 16.155)	0	( 14.090)	( 14.090)

	2024			2023		
	Staða 1.1.2024	Tekjur (gjöld)	Staða 31.12.2024	Staða 1.1.2023	Tekjur (gjöld)	Staða 31.12.2023
Viðskiptakröfur .....	( 12.603)	( 1.553)	( 14.156)	( 9.829)	( 2.774)	( 12.603)
Viðskiptavild .....	0	0	0	( 5.300)	5.300	0
Frestaður gengismunur .....	59	( 46)	13	22	37	59
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	( 1.545)	( 466)	( 2.011)	138	( 1.683)	( 1.545)
Skattskuld .....	( 14.090)	( 2.066)	( 16.155)	( 14.968)	880	( 14.090)

## 12. Eigið fé

Sjá reikningsskilaaðferð í skýringu 16.12.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum árin 2024 og 2023:

	Hlutfé	Yfirverð	Lögbundinn varasjóður	Bundinn gangvirðis- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Hagnaður ársins .....					1.272.399	1.272.399
Breyting á gangvirðisreikningi .....				245.709	( 245.709)	0
Úthlutaður arður .....					( 1.000.000)	( 1.000.000)
<b>Eigið fé 31.12.2024 .....</b>	<b>35.000</b>	<b>1.437.000</b>	<b>8.750</b>	<b>668.687</b>	<b>2.240.685</b>	<b>4.390.122</b>

	Hlutfé	Yfirverð	Lögbundinn varasjóður	Bundinn gangvirðis- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Hagnaður ársins .....					1.034.871	1.034.871
Breyting á gangvirðisreikningi .....				51.944	( 51.944)	0
Úthlutaður arður .....					( 700.000)	( 700.000)
<b>Eigið fé 31.12.2023 .....</b>	<b>35.000</b>	<b>1.437.000</b>	<b>8.750</b>	<b>422.978</b>	<b>2.213.995</b>	<b>4.117.722</b>

# Skýringar, frh.

## 13. Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins er reiknað samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, en lámarks eiginfjárlutfall samkvæmt þeim er 8,0%. Eiginfjárlutfallið reiknast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Eiginfjárgrunnur:		
Hlutfé .....	35.000	35.000
Yfirverðsreikningur .....	1.437.000	1.437.000
Lögbundinn varasjóður .....	8.750	8.750
Bundinn gangvirðisreikningur .....	668.687	422.978
Óráðstafað eigið fé .....	2.240.685	2.213.994
Eigið fé .....	4.390.122	4.117.722
Fyrirsjáanleg arðsúthlutun * .....	( 1.000.000)	( 1.000.000)
Eigið fé þáttar 1 .....	3.390.122	3.117.722
Eiginfjárgrunnur .....	3.390.122	3.117.722
Áhættugrunnur greinist á eftirfarandi hátt:		
Útlánaáhætta .....	375.829	341.633
Markaðsáhætta .....	7.141	5.761
Rekstraráhætta .....	-	-
Áhættugrunnur samtals .....	382.970	347.394
Eiginfjárkrafa miðað við fastan rekstrarkostnað .....	264.329	265.270
Eiginfjárlutfall í samræmi við ákvæði laga um eiginfjárlutfall .....	70,82%	71,80%

\* Tillaga stjórnar um 1.000 m. kr. arðgreiðslu byggir á arðgreiðslustefnu félagsins, um að meirihluta hagnaðar skuli að jafnaði ráðstafað til hluthafa að fullnægðum tilteknum skilyrðum.

Samkvæmt 4. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og 5. mgr. 15. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, skal eiginfjárgrunnur rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs. Eiginfjárgrunnur Landsbréfa var í lok ársins 321% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs.

### Útlánaáhætta

Eiginfjárkrafa vegna útlánaáhattu reiknast af fjáreignum félagsins í lok ársins.

### Markaðsáhætta

Gjaldeyrisáhætta reiknast af handbæru fé, viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum í erlendum gjaldmiðlum.

### Rekstraráhætta

Í samræmi við 6. mgr. 15. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, hafa Landsbréf starfsábyrgðartryggingu sem nær yfir áhættuna af tjóni vegna mögulegrar ábyrgðar rekstraraðila.

## 14. Leigusamningur

Í gildi er samningur á milli Landsbréfa hf. og Kolagötu ehf. um leigu á atvinnuhúsnæði, nánar tiltekið er hið leigða skrifstofurými á 3. hæð fasteignarinnar að Reykjastræti 2. Leigutími samkvæmt leigusamningum hófst þann 1. maí 2023 og er tímabundinn til tíu ára. Leigusamningurinn er óuppsegjanlegur fyrstu sjö árin en heimild er að framleigja hið leigða af höfðu samþykki leigusala.

Leigugjald vegna samningsins tímabilið janúar til desember 2024 nam rúmum 39 m. kr og er það í samræmi við samning þar um. Leigan er gjaldfærð meðal annars rekstrarkostnaðar í rekstrarreikningi félagsins. Félagið er skuldbundið að greiða 39 m. kr. tryggt með vísitölu neysluverðs árlega í leigugjald á leigutímanum.

## 15. Aðrar upplýsingar

Eignir í stýringu voru um 543 milljarðar króna í lok árs 2024 samanborið við 472 milljarða króna í upphafi árs. Alls voru um 20.000 viðskiptavinir með eignir í stýringu hjá félaginu.

## 16. Yfirlit yfir helstu reikningsskilaaðferðir

### 16.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan.

Ársreikningur Landsbréfa hf. A-hluti er hluti af samstæðu Landsbankans hf. Ársreikningur Landsbréfa hf. B-hluti er ekki hluti af samstæðu bankans nema í þeim tilvikum sem samstæða Landsbankans hefur yfirráð hlutdeildarskírteina í einstökum sjóðum í skilningi laga um ársreikninga. Hægt er að nálgast samstæðureikning Landsbankans á vefnum, [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is).

### 16.2 Matsaðferðir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

### 16.3 Umsýsluþóknarir

Sjóðir í rekstri B-hluta Landsbréfa hf. greiða A-hluta Landsbréfa hf. umsýsluþóknun fyrir að annast m.a. daglegan rekstur sjóðanna, svo sem útreikning á innlausnarvirði, reikningshald, þjónustu við fjárfesta, umsjón með skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina og stýringu eigna sjóðsins. Auk þess greiða sjóðirnir hlutdeild í beinum útlögðum kostnaði sem ekki er innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins, svo sem vegna þjónustu vörsluaðila, endurskoðunar sjóðanna, kauphallarkostnaðar, fjármálakerfa (annarra en eignastýringarkerfis), áskriftar af verðbréfavísitölum, hugbúnaðar og lögfræðikostnaðar. Umsýsluþóknunin og kostnaðarhlutdeildin reiknast daglega sem fast hlutfall af hreinni eign viðkomandi sjóðs í þeirri mynt sem hann er í. Í sumum tilvikum greiða sérhæfðir sjóðir í rekstri Landsbréfa árangurstengdar þóknarir sem teljast til umsýsluþóknana félagsins.

## 16.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2025. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir. Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjunum í rekstrarreikningi. Gengismunur vegna verðbréfa er færður til tekna eða gjalda miðað við síðasta skráða kaupgengi í lok ársins.

Í sjóðum skráðum í íslenskum krónum eru viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Í sjóðum skráðum í erlendri mynt er gengið fært yfir í íslenskar krónur í lok ársins samkvæmt lokagengi Landsbankans. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

## 16.5 Fjárfestingar

Verðbréf með föstum eða breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum, virkum og verðmyndandi verðbréfamarkaði eru metin á opinberu gengi í lok ársins. Virði annarra verðbréfa með föstum eða breytilegum tekjum er háð mati rekstrarfélagsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Sértek niðurfærsla er færð telji rekstrarfélagið þörf á því.

Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar sem skráð eru á skipulegum, virkum og verðmyndandi verðbréfamarkaði eru metin á opinberu gengi í lok ársins. Virði annarra framseljanlegra verðbréfa og peningamarkaðsgerninga er háð mati rekstrarfélagsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Sértek niðurfærsla er færð telji rekstrarfélagið þörf á því.

Hlutdeildarskírteini í sjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildi á markaðnum í lok ársins.

Innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum og/eða gengismun í lok ársins.

## 16.6 Afleiður

Einstaka sjóðir hafa heimild til að fjárfesta í afleiðum. Afleiða er samningur þar sem uppgjörsákvæði samningsins byggist á breytingu tiltekins þáttar, svo sem vaxta, gengis gjaldmiðla, verðbréfaeðs eða vísitölu. Virði slíks samnings byggir á þróun þessara undirliggjandi þátta frá samningsdegi til uppgjörsdags. Afleiður eru skráðar í efnahagsreikningi sjóðsins á gangvirði en gangvirði byggir á skráðu markaðsvirði þeirra. Allar breytingar á gangvirði eru færðar undir liðinn gengisbreytingar eigna í rekstrarreikningi sjóðanna. Helstu áhættuþættir í afleiðusamningum sem sjóðirnir eru aðilar að eru vaxta-, gjaldmiðla- og markaðsáhætta.

## 16.7 Viðskipta- og langtímakröfur

Viðskipta- og langtímakröfur eru færðar á nafnvirði að teknu tilliti til niðurfærslna vegna líkna á töpuðum kröfum. Aðallega er um að ræða kröfur vegna ógreiddrar umsýslu sjóða í rekstri Landsbréfa hf. í lok ársins.

## 16.8 Aðrar eignir

Aðrar eignir samanstanda af rekstrarfjármunum og öðrum kröfum. Aðrar kröfur eru mentar á nafnvirði í lok ársins.

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og eru flokkaðir undir liðnum aðrar eignir í efnahagsreikningi. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

# Skýringar, frh.

---

## 16.8 Aðrar eignir (framhald)

Allir varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir með línulegri aðferð. Aðferðin er notuð á afskrifanlegan hluta eignanna, en það er kostnaður þeirra að frádregnu hrakvirði deilt niður á áætlaðan nýtingartíma með eftirfarandi hætti:

Tölvuvélbúnaður	3 ár
Annar búnaður og ökutæki	3-10 ár

## 16.9 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

## 16.10 Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru óuppgerð viðskipti og viðskiptaskuldir. Aðrar skuldir eru metnar á nafnvirði í lok ársins.

## 16.11 Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður út frá þeim tekjuskattshlutföllum og þeim skattalögum sem voru í gildi í lok ársins, en þá var tekjuskattshlutfall lögaðila 21,0% (2023: 20,0%). Sérstakur fjársýsluskattur er 6% á tekjuskattstofn umfram 1 milljarð króna í samræmi við lög nr. 165/2011, um fjársýsluskatt.

Skattskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningskil félagsins. Reiknuð skattskuldbinding vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar er færð í samræmi við settar reikningskilareglur.

Sjóðir B-hluta Landsbréfa hf. eru ekki sjálfstæðir skattaðilar. Ávöxtun hvers sjóðs rennur óskipt til viðkomandi hlutdeildarskírteinishafa og því safnast enginn óúthlutaður hagnaður fyrir í sjóðunum. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði bréfanna við innlausn. Hjá skattskyldum lögaðilum telst hagnaður eða tap af hlutdeildarskírteinum til skattskyldra tekna eða frádráttarbærra gjalda óháð innlausn.

## 16.12 Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins nam í lok ársins 35 m. kr. samkvæmt samþykktum félagsins. Hver hlutur er ein króna að nafnverði og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu.

Lög um ársreikninga nr. 3/2006 með áorðnum breytingum kveða m.a. á um að óráðstöfuðu eigin fé sé skipt í tvennt: bundið og óbundið óráðstafað eigið fé.

Óbundið óráðstafað eigið fé samanstendur af óúthlutaðum hagnaði og tapi sem hefur safnast upp hjá félaginu, að frádregnum framlögum í lögbundinn varasjóð og bundnu óráðstöfuðu eigin fé.

Bundið óráðstafað eigið fé er vegna gangvirðisbreytinga fjáreigna sem tilgreindar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Félagið færir gangvirðisbreytingar vegna fjáreigna tilgreindra á gangvirði gegnum rekstrarreikning, af óbundnu óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning meðal eigin fjár. Fjárhæðir sem færðar hafa verið á bundna reikninginn eru færðar til baka á óráðstafað eigið fé við sölu fjáreignarinnar.

# Stjórnarháttayfirlýsing Landsbréfa (óendurskoðuð)

---

Landsbréf hf., kt. 691208-0520 eru íslenskt hlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Félagið er fjármálastofnun með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Félagið hefur jafnframt leyfi til eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar. Skrifstofa félagsins er að Reykjastræti 2 í Reykjavík.

Þessi stjórnarháttayfirlýsing Landsbréfa hefur að geyma lýsingu á stjórnarháttum félagsins. Markmið yfirlýsingarinnar er að stuðla að því að stjórnarhættir séu opinberir og með því lagður grunnur að gagnsæi í samskiptum milli félagsins, stjórnar þess, hluthafa og viðskiptavina. Landsbréf leggja áherslu á að viðskiptavinir, einkum þeir sem fjárfesta í sjóðum og félögum í stýringu hjá Landsbréfum eða fela félaginu eignir til stýringar með öðrum hætti, geti með einföldum hætti kynnt sér stjórnarhætti félagsins. Við framsetningu yfirlýsingarinnar er höfð hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. (6. útgáfa frá febrúar 2021 sem m.a. er birt á vefsíðunni <http://www.leidbeiningar.is>).

Stjórnarháttayfirlýsing Landsbréfa er birt á heimasíðu félagsins [www.landsbref.is](http://www.landsbref.is), auk þess að vera birt með ársreikningi félagsins, með vísan til 66. gr. c laga nr. 3/2006, um ársreikninga, sbr. 1. gr. laga nr. 118/2011. Ákveðin frávik eru frá áðurnefndum leiðbeiningum að því er varðar boðun og auglýsingu hluthafafunda, þ.m.t. aðalfunda, sem fyrst og fremst helgast af því að hluthafar eru aðeins tveir og báðir í samstæðu Landsbankans hf. Með sama hætti eru framboð til stjórnar ekki kynnt sérstaklega á heimasíðu félagsins og af sömu ástæðu hefur tilnefningarnefnd ekki verið skipuð og þá hefur ekki verið sett sérstök stefna um fjölbreytileika. Tilnefningar til stjórnar eru samþykktar af bankaráði Landsbankans að fenginni tillögu bankastjóra. Í starfsreglum bankaráðs kemur fram að við skipan stjórnarmanna í stjórnir dótturfélaga skuli séð til þess að kynjahlutfall sé í samræmi við jafnréttislög og jafnréttisstefnu bankans að teknu tilliti til hæfni þeirra sem til greina koma við slíka skipan. Ekki er í starfsreglunum sérstaklega rætt um fjölbreytileika við tilnefningu til stjórnar dótturfélaga, en gengið er út frá því að tilnefningar samræmist áskilnaði 14. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og 11. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, auk þess sem þess er gætt að meirihluti stjórnar sé á hverjum tíma skipaður aðilum sem eru óháðir Landsbréfum og Landsbankanum.

Landsbréf leggja áherslu á vandaða stjórnarhætti og telja þá nauðsynlega umgjörð fyrir heilbrigðan og traustan rekstur fyrirtækisins til frambúðar. Landsbréf vinna stöðugt að því að treysta umgjörð stjórnarháttanna sinna og uppfæra í því skyni reglulega allt regluverk og ferla félagsins.

Landsbréf eru dótturfélag Landsbankans í gegnum Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. og Bláma fjárfestingarfélag ehf., en bæði félög eru að fullu í eigu Landsbankans. Landsbréf eru sjálfstæð fjármálastofnun. Tilteknum verkefnum hefur verið útvistað til Landsbankans samkvæmt sérstökum útvistunarsamningum sem Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur samþykkt. Reikningsskil Landsbréfa eru þannig unnin af Landsbankanum samkvæmt sérstökum útvistunarsamningi. Landsbankinn er jafnframt vörslufyrirtæki sjóða í rekstri Landsbréfa, sbr. VI. kafla laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og IV. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Ytri endurskoðun er framkvæmd af PricewaterhouseCoopers ehf.

Landsbréf hafa skilgreint árangur, lausnir, fagmennsku og traust sem grundvallargildi í rekstri sínum. Leggur félagið metnað sinn í að skilgreina þarfir viðskiptavina, bæði almennra fjárfesta og fagfjárfesta, og bjóða fjölbreytt sjóðaframboð til samræmis við þessar þarfir og vinna í hvívetna af fagmennsku og leggja þannig grunninn að trausti til félagsins og starfsmanna þess. Landsbréf hafa sett sérstakar reglur til að koma í veg fyrir eða lágmarka neikvæðar afleiðingar hagsmunaárekstra í rekstri sínum, m.a. að því er varðar samskipti við tengda aðila eins og móðurfélagið Landsbankann. Útdráttur úr reglum þessum er birtur á heimasíðu félagsins [www.landsbref.is](http://www.landsbref.is). Þá hefur stjórn Landsbréfa sett sérstakar siðareglur sem fela í sér grunnviðmið góðra viðskiptahátta og siðferðis fyrir Landsbréf og starfsmenn þess. Viðmiðin gilda þannig um samskipti starfsmanna félagsins við viðskiptavini, samstarfsmenn, eftirlitsaðila, hluthafa og aðra aðila sem hagsmuna eiga að gæta. Reglurnar eru birtar á heimasíðu félagsins [www.landsbref.is](http://www.landsbref.is).

# Stjórnarháttayfirlýsing, frh. (óendurskoðuð)

---

Stjórn Landsbréfa hefur samþykkt sérstaka stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu. Með setningu þessarar stefnu er leitast við að marka stefnu með tilliti til umhverfis, félagslegra þátta og samfélagslegrar ábyrgðar almennt og eins að samþætta sjálfbærniþætti og sjálfbærniáhættu inn í fjárfestingaferli sjóða. Stjórn Landsbréfa hefur einnig samþykkt eigendastefnu fyrir sjóði Landsbréfa, þar sem kveðið er á um meðferð atkvæðisréttar sem fylgir fjármálagerningum í eigu sjóða Landsbréfa og felst í þeirri stefnu mikilvægi þess að fjárfestar í sjóðum Landsbréfa geti gert sér grein fyrir þeim viðmiðum sem liggja til grundvallar nýtingu atkvæðisréttar sem fylgir verðbréfum í eigu sjóða félagsins. Báðar þessar stefnur eru birtar á heimasíðu félagsins [www.landsbref.is](http://www.landsbref.is). Þá hefur stjórn Landsbréfa sett sérstaka stefnu um sjálfbærni í rekstri og starfsemi, þar sem skilgreint er hvernig sjálfbærniþættir eru teknir inn í starfsemi félagsins. Þá hafa Landsbréf sett sérstaka stefnu um varnir gegn mútum og spillingu og eins stefnu um varnir gegn fjármunabrotum, þar sem m.a. eru skilgreindar helstu varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Auk þessa hefur stjórn sett fjölda stefna og reglna um starfsemi Landsbréfa í samræmi við lögbundnar kvaðir og til að tryggja festu í starfsemi félagsins.

Landsbréf lúta opinberu eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins. Mögulegir áhættuþættir eru greindir með skipulögðum hætti og markvisst unnið að því að treysta alla umgjörð rekstrar félagsins og gengið úr skugga um að rekstur félagsins sé í samræmi við markmið þess og þær reglur sem um rekstur þess gilda. Stærstur hluti innra eftirlits er unninn innan félagsins sjálfs, en innri endurskoðun og regluvörslu er útvístað með sérstökum samningum til Landsbankans með leyfi Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Reglulegar skýrslur eftirlitseininga eru lagðar fyrir stjórn til skoðunar og mætir áhættustjóri félagsins á reglulega fundi stjórnar og gerir þar grein fyrir því hvort einhver frávik hafi komið í ljós á sviði áhættustýringar eða upplýsingaöryggis. Formleg samskipti við hluthafa eiga sér stað á hluthafafundum, en jafnframt eiga Landsbréf og móðurfélagið Landsbankinn töluverð viðskiptaleg samskipti bæði vegna verðbréfavíðskipta og einnig á grundvelli útivistunarsamninga sem gerðir hafa verið við móðurfélagið.

Starfsmenn félagsins voru 22 talsins í lok ársins 2024. Stjórn Landsbréfa var síðast kjörin á aðalfundi félagsins þann 30. apríl 2024. Í stjórnina voru kjörin þau Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, formaður stjórnarinnar og meðstjórnendurnir Anna Bjarney Sigurðardóttir og Jón Þorsteinn Oddleifsson. Úr stjórn gekk Þórunn Jónsdóttir, sem gegnt hafði um árabíl stöðu formanns stjórnarinnar. Varamaður í stjórn var kjörinn Einar Þór Harðarson. Öll eru þau óháð Landsbankanum og Landsbréfum samkvæmt þeim viðmiðum sem sett eru í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og Leiðbeiningum ESMA og EBA um hæfi stjórnarmanna fjármála fyrirtækja. Hér að neðan eru nánari upplýsingar um stjórnarmenn:

**Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir**, fædd árið 1977, formaður stjórnar. Sigríður Hrefna er með embættisprófi í lögfræði (Cand. jur.) frá Háskóla Íslands, MBA gráðu frá Copenhagen Business School og hefur verðbréfaréttindi samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Sigríður Hrefna er forstjóri Nóa Sírus hf., en starfaði áður m.a. sem framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs Íslandsbanka hf., framkvæmdastjóri samsölusviðs Olíuverzlunar Íslands hf. og sem forstöðumaður fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. Auk sætis í stjórn Landsbréfa á Sigríður Hrefna einnig sæti í stjórn Sjónlags ehf., en hefur áður setið í stjórnnum fjölda atvinnufyrirtækja. Sigríður Hrefna var fyrst kjörin í stjórn Landsbréfa í apríl 2024 og hefur verið formaður stjórnar frá því kjöri. Hún telst bæði óháð félaginu sem og stórum hluthöfum samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Hún á engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa.

**Anna Bjarney Sigurðardóttir**, fædd árið 1963, meðstjórnandi. Anna Bjarney er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með meistaragráðu í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum frá sama skóla. Hún er sjálfstætt starfandi viðskiptafræðingur en starfaði áður sem framkvæmdastjóri rekstrar, fjármála og tækni hjá RÚV frá árinu 2014. Þar áður starfaði hún um árabíl í fjármálagæiranum, m.a. sem forstöðumaður útibúaþróunar hjá Landsbanka Íslands og síðar hjá nýja Landsbankanum sem framkvæmdastjóri útibúaþróunar og einstaklingssviðs og síðar viðskiptabankasviðs. Anna Bjarney hefur setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja en auk þess að sitja í stjórn Landsbréfa á hún nú sæti í stjórnnum Jónshúss ehf, Vallarbrautar ehf og SOS Barnaþorpanna. Anna Bjarney var fyrst kjörin í stjórn Landsbréfa 3. maí 2022. Hún telst bæði óháð félaginu sem og stórum hluthöfum samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Hún á engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa.



# Stjórnarháttayfirlýsing, frh. (óendurskoðuð)

---

**Jón Þorsteinn Oddleifsson**, fæddur árið 1975, meðstjórnandi. Jón Þorsteinn útskrifaðist með BSc. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 1999, með meistaraþáttu í fjármálum fyrirtækja frá sama skóla árið 2017 og hefur verðbréfaréttindi samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Á árunum 1998-2003 starfaði Jón Þorsteinn í Búnaðarbanka Íslands, lengst af við fjárstýringu. Á tímabilinu 2003-2008 var hann forstöðumaður fjárstýringar Landsbankans og á árunum 2008-2010 fjármálastjóri nýja Landsbankans. Á tímabilinu 2010-2014 vann Jón Þorsteinn við fjármálaráðgjöf og á árunum 2014-2019 starfaði hann hjá Landsbréfum hf. Jón Þorsteinn starfar í dag sem framkvæmdastjóri fjármála- og mannauðssviðs Ölgerðarinnar. Jón Þorsteinn hefur setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja og á nú sæti í stjórnnum Öglu Gosgerðar ehf., G7-11 fasteignafélags ehf., Borgar Brugghúss ehf., Sól ehf., JPO ehf., JPO 2 ehf., Kveldúlfs Distillery ehf. og KK6 fasteignafélags ehf. Jón Þorsteinn er flokkaður sem óháður stjórnarmaður og telst bæði óháður félaginu sem og stórum hluthöfum samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja. Hann á engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa. Jón Þorsteinn var fyrst kjörinn í stjórn Landsbréfa 2. maí 2023.

**Einar Þór Harðarson**, fæddur árið 1973, framkvæmdastjóri Íspan Glerborgar, er varamaður í stjórn Landsbréfa. Einar Þór er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 2000, hefur MSc. gráðu í hagfræði og fjármálum frá University of Warwick Business School og hefur verðbréfaréttindi samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Einar Þór hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Íspan Glerborgar frá árinu 2017. Einar Þór var starfsmaður Landsbankans frá 2004 til 2014 og vann m.a. sem útibússtjóri, í áhættustýringu og viðskiptaþróun. Árin 1998-2004 vann Einar í áhættustýringu SPRON. Einar Þór var kjörinn sem varamaður í stjórn Landsbréfa á aðalfundi 3. maí 2022. Auk þess að vera varamaður í stjórn Landsbréfa situr Einar í stjórn Huldukletts ehf. Hann hefur engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa og telst bæði óháður félaginu sem og stórum hluthöfum samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega og oftast ef þörf krefur. Á árinu 2024 voru haldnir 11 stjórnarfundir og sóttu allir stjórnarmenn þá.

Lögfræðingur Landsbréfa ritar fundargerðir á stjórnarfundum. Árlega er haldinn sérstakur matsfundur stjórnar þar sem stjórn leggur mat á eigin störf og leggur jafnframt mat á störf framkvæmdastjóra. Markmið fundarins er að leggja mat á skilvirkni stjórnar, styrkleika og veikleika í störfum hennar og skilgreina hvað mætti betur fara. Með sama hætti er lagt mat á störf undirnefnda stjórnar.

Starfsreglur stjórnar eru birtar á heimasíðu félagsins, en þar má einnig finna samþykktir félagsins. Þar eru að auki birtar ýmsar aðrar reglur sem félagið hefur sett um starfsemi sína, svo sem reglur um hæfi og hæfismat lykilstarfsmanna, útdrátt úr reglum um hagsmunaárekstra, persónuverndarstefna Landsbréfa og reglur um upplýsingar um viðskiptamenn, stefna Landsbréfa um varnir gegn fjármunabrotum og siðareglur Landsbréfa. Auk þessara reglna hefur félagið fjölda innri reglna og ferla sem starfsemin fer eftir. Allt innra regluverk félagsins er reglulega yfirfarið og uppfært eftir því sem tilefni er til.

Starfandi eru tvær undirnefndir stjórnar, þ.e. starfskjaranefnd og endurskoðunarnefnd, og kýs stjórn í undirnefndir sínar á fyrsta stjórnarfundum að afloknum aðalfundi.

**Endurskoðunarnefnd** hefur það hlutverk að fylgjast með verkefnum er varða reikningsskil, endurskoðun og innra eftirlit. Hún kemur að undirbúningi gerðar ársreiknings og árshlutareiknings og gerir stjórn Landsbréfa grein fyrir störfum sínum og veitir stjórn ráðgjöf um málefni tengd reikningsskilum félagsins. Stjórn hefur ákveðið að allir stjórnarmenn sitji í undirnefndum stjórna. Formaður endurskoðunarnefndar er Jón Þorsteinn Oddleifsson. Endurskoðunarnefnd hélt 2 fundum á árinu 2024 og mættu allir nefndarmenn á þá fundum.

**Starfskjaranefnd** hefur það hlutverk að undirbúa og gera tillögur að ákvörðun stjórnar Landsbréfa um almenna starfskjarastefnu félagsins og um starfskjör stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftir nánari ákvörðun stjórnar. Stjórn hefur ákveðið að allir stjórnarmenn sitji í undirnefndum stjórna og er Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, formaður starfskjaranefndar. Starfskjaranefnd hélt 4 fundum á árinu 2024 og mættu allir nefndarmenn á þann fund.

## Stjórnarháttayfirlýsing, frh. (óendurskoðuð)

---

Ekki er starfandi sérstök áhættunefnd í félaginu, sbr. 78. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og fer stjórn sjálf með hlutverk áhættunefndar samkvæmt lögum samkvæmt sérstakri undanþágu frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, sbr. 5. mgr. 78. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

**Helgi Þór Arason**, fæddur árið 1975, er framkvæmdastjóri Landsbréfa. Helgi hóf störf sem framkvæmdastjóri félagsins í byrjun júní 2014. Hann nam viðskiptafræði við Háskóla Íslands með áherslu á fjármál og hefur lokið MBA gráðu frá sama skóla. Þá hefur hann verðbréfaréttindi samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Helgi starfaði áður sem forstöðumaður Markaðsviðskipta hjá Landsbankanum hf. frá 2008, og sem miðlari skuldabréfa hjá Landsbanka Íslands á árunum 2003 til 2008. Á árunum 2000 til 2003 starfaði hann hjá Búnaðarbanka Íslands hf. sem sérfræðingur hjá markaðsviðskiptum bankans við miðlun skuldabréfa. Á árunum 1999 til 2000 starfaði hann hjá fyrirtækjasviði Landsbanka Íslands hf. einkum við gerð lánshæfismats á fyrirtækjum. Helgi á enga eignarhluti í Landsbréfum né hefur hann gert kaupréttarsamning um kaup á hlutum í félaginu. Helgi á engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila félagsins eða hluthafa félagsins.

Hlutverk framkvæmdstjóra og skyldur felast fyrst og fremst í því að annast daglega stjórn fyrirtækisins og fer hann í þeim efnum eftir þeim stefnum og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið, sbr. 68. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Skyldur framkvæmdstjóra og verkaskipting milli hans og stjórnar fer samkvæmt lögum, sbr. einkum IX. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, auk þess sem nánari ákvæði og útfærslur er varða hlutverk og skyldur þessara aðila og verkaskiptingu þeirra á milli eru sett í samþykktum félagsins og í starfsreglum stjórnar félagsins.

# Hlutfall grænna eigna, (óendurskoðað)

---

Landsbréf birta nú í annað sinn upplýsingar um hlutfall grænna eigna í stýringu hjá Landsbréfum. Samkvæmt lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar sem tóku gildi 1. júní 2023 ber eignastýringaraðilum sem falla undir skilgreiningu laganna að birta lykilarangursmælikvarða um grænar eignir í stýringu. Með lögnum voru tvær reglugerðir Evrópusambandsins (ESB) innleiddar, þ.e. annars vegar reglugerð ESB (2019/2088, SFDR) um upplýsingagjöf um sjálfbærar fjárfestingar og hins vegar reglugerð ESB (2020/852 Taxonomy) um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi (flokkunarreglugerðin). Upplýsingar eru settar fram á grundvelli sniðmáta sem eru birt í viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2178, sbr. breytingar sem voru gerðar með framseldri reglugerð (ESB) 2023/2486 sem var innleidd með breytingu á reglugerð nr. 10/2024 sem tók gildi 1. janúar sl.

Tilgangur reglugerðanna er einkum að bæta upplýsingagjöf um sjálfbærar fjárfestingar, hindra grænþvott en ekki síst að beina fjármagni til umhverfisvænnar atvinnustarfsemi. Þannig er stuðlað að því að markmiðum ESB á sviði umhverfis- og loftslagsmála verði náð og þá einkum markmiðum sem falla undir grænan sáttmála ESB (e. EU Green Deal). Til þess að atvinnustarfsemi geti talist umhverfislega sjálfbær og fjárfesting í viðkomandi fyrirtæki geti þar af leiðandi flokkast sem græn (e. aligned) þarf atvinnustarfsemi að uppfylla þau fjögur skilyrði sem flokkunarreglugerðin setur. Eitt þessara skilyrða er að búið sé að skilgreina tæknileg matsviðmið fyrir viðkomandi atvinnustarfsemi. Hafi það verið gert telst atvinnustarfsemi hæf (e. eligible). Það eitt og sér nægir þó ekki, heldur þurfa öll fjögur skilyrði flokkunarreglugerðarinnar að vera uppfyllt, þ.e. auk þess að atvinnustarfsemi falli undir skilgreiningu tæknilegra matsviðmiða þá þarf atvinnustarfsemi að stuðla verulega að einu eða fleiri af umhverfismarkmiðunum, atvinnustarfsemi má ekki valda verulegu tjóni á einhverjum af hinum umhverfismarkmiðunum og atvinnustarfsemi uppfylli lágmarksvernd félagslegra réttinda.

Upplýsingagjöf fyrirtækja sem starfa ekki á fjármálamarkaði sem ber skylda til að veita upplýsingar um atvinnustarfsemi sína fer eftir skilgreiningu á stórum félögum og félögum tengdum almannahagsmunum samkvæmt lögum um ársreikninga. Upplýsingagjöf á grænu hlutfalli eigna Landsbréfa og sjóða í stýringu Landsbréfa takmarkast við upplýsingar sem birtast í ársuppgjörum þeirra fyrirtækja sem hafa birt upplýsingar í ársuppgjöri fyrir árið 2024 auk þeirra erlendu fyrirtækja sem hafa birt upplýsingar fyrir sama tímabil. Upplýsingar sem voru birtar voru mildun loftslagsbreytinga og aðlögun að loftslagsbreytingum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hin fjögur umhverfismarkmiðin frá fyrirtækjum sem falla undir flokkunarreglugerðina. Þær eignir sem eru teknar inn í nefnara útreiknings á hlutfalli grænna eigna í stýringu hjá Landsbréfum samanstendur af virði allra eigna hlutdeildarsjóða í rekstri fyrir utan áhættuskuldbindingar vegna ríkisstjórna, sveitarfélaga, seðlabanka og yfirþjóðlegra útgefenda. Eignir í teljara eru settar fram á grundvelli fyrirmæla sem koma fram framseldri reglugerð 2021/2178. Hlutfall tekna og fjárfestingargjalda sem falla undir Taxonomy reglugerðina þeirra fáu innlendu félaga sem það birta er mjög lágt, safnað var saman sambærilegum upplýsingum frá erlendum félögum. Gögn um hæfar og umhverfissjálfbærar eignir voru sótt í ársreikninga innlendra félaga og í gagnaveitu Bloomberg fyrir erlend félög.

# Hlutfall grænna eigna, frh. (óendurskoðað)

## Eignir í stýringu

Allar upplýsingar í töflunni eru í þús. kr. eins og í ársreikningi félagsins.

<p>Vegið meðalgildi allra fjárfestinga sem beint er að fjármögnun, eða eru í tengslum við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, miðað við virði heildareigna sem falla undir lykilárangursmælikvarðann, sem eftirfarandi vægi fyrir fjárfestingar í fyrirtækjum eins og hér segir:</p> <p>Á grundvelli veltu: 2,47%</p> <p>Á grundvelli fjárfestingargjalda: 2,56%</p> <p>Hlutfall eigna sem falla undir lykilárangursmælikvarðann miðað við heildarfjárfestingar (heildareignir í stýringu (AuM). Að undanskildum fjárfestingum í opinberum stofnunum:</p> <p>Þekjuhlutfall: 37%</p>	<p>Vegið meðalgildi allra fjárfestinga sem beint er að fjármögnun, eða eru í tengslum við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, með eftirfarandi vægi fyrir fjárfestingar í fyrirtækjum eins og hér segir:</p> <p>Á grundvelli veltu: 4.226.528 þús. kr.</p> <p>Á grundvelli fjárfestingargjalda: 4.376.803 þús. kr.</p> <p>Fjárhagslegt virði eigna sem falla undir lykilárangursmælikvarðann. Að undanskildum fjárfestingum í opinberum stofnunum:</p> <p>Þekja: 63.506.471 þús. kr.</p>
<p><b>Viðbótarupplýsingar til fyllingar: Sundurliðun á nefnara lykilárangursmælikvarðans</b></p>	
<p>Hlutfall afleiða miðað við heildareignir sem falla undir lykilárangursmælikvarðann: 5,1%</p>	<p>Fjárhagslegt virði afleiða: 8.657.622 þús. kr.</p>
<p>Hlutfall áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði í Sambandinu sem falla ekki undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann:</p> <p>Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði: 4,7%</p> <p>Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði: 0,0%</p>	<p>Virði áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði í Sambandinu sem falla ekki undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB:</p> <p>Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði: 8.037.129 þús. kr.</p> <p>Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði: 0 þús. kr.</p>
<p>Hlutfall áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði utan Sambandsins sem falla ekki undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann:</p> <p>Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði: 0%</p> <p>Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði: 0%</p>	<p>Virði áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði utan Sambandsins sem falla ekki undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB:</p> <p>Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði: 0 þús. kr.</p> <p>Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði: 0 þús. kr.</p>
<p>Hlutfall áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði sem falla undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann:</p> <p>Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði: 44,2%</p> <p>Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði: 55,8%</p>	<p>Virði áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði sem falla undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB:</p> <p>Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði: 28.039.973 þús. kr.</p> <p>Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði: 35.466.498 þús. kr.</p>
<p>Hlutfall áhættuskuldbindinga til annarra mótaðila og eigna, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann: 0%</p>	<p>Virði áhættuskuldbindinga til annarra mótaðila: 0 þús. kr.</p>
<p>Virði allra fjárfestinga sem fjármagna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir miðað við virði heildareigna sem falla undir lykilárangursmælikvarðann: 97,3%</p>	<p>Virði allra fjárfestinga sem fjármagna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir: 166.170.956 þús. kr.</p>
<p>Virði allra fjárfestinga sem fjármagna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir, en falla ekki að flokkunarkerfinu miðað við virði heildareigna sem falla undir lykilárangursmælikvarðann: 37%</p>	<p>Virði allra fjárfestinga sem fjármagna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir, en falla ekki að flokkunarkerfinu: 63.506.470 þús. kr.</p>

# Hlutfall grænna eigna, frh. (óendurskoðað)

## Eignir í stýringu, frh.

Allar upplýsingar í töflunni eru í þús. kr. eins og í ársreikningi félagsins.

### Viðbótarupplýsingar til fyllingar: Sundurliðun á teljara lykilárangursmælikvarðans

Hlutfall áhættuskuldbindinga, sem falla að flokkunarkerfinu, vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði sem falla undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann:	Virði áhættuskuldbindinga, sem falla að flokkunarkerfinu, vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði sem falla undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB:
Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði: Á grundvelli veltu: 2,47% Á grundvelli fjárfestingargjalda: 2,56% Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði: Á grundvelli veltu: 0% Á grundvelli fjárfestingargjalda: 0%	Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði: Á grundvelli veltu: 4.226.528 þús. kr. Á grundvelli fjárfestingargjalda: 4.376.803 þús. kr. Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði: Á grundvelli veltu: 0 þús. kr. Á grundvelli fjárfestingargjalda: 0 þús. kr.
Hlutfall áhættuskuldbindinga, sem falla að flokkunarkerfinu, vegna annarra mótaðila, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann:	Virði áhættuskuldbindinga, sem falla að flokkunarkerfinu, vegna annarra mótaðila:
Á grundvelli veltu: 0% Á grundvelli fjárfestingargjalda: 0%	Á grundvelli veltu: 0 þús. kr. Á grundvelli fjárfestingargjalda: 0 þús. kr.

### Sundurliðun teljara lykilárangursmælikvarðans eftir umhverfismarkmiðum

#### Starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu

1. Mótvægi við loftslagsbreytingar	Velta: 0,01% Fjárfestingargjöld: 0,01%	Umbreytingarstarfsemi: NA ( Velta, fjárfestingargjöld) Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum: NA (Velta, fjárfestingargjöld)
1. Aðlögun að loftslagsbreytingum	Velta: 2,45% Fjárfestingargjöld: 2,50%	



LANDSBRÉF

# Verðbréfasjóðir

## Ársreikningur 2024

## Samandreginn ársreikningur verðbréfasjóða árið 2024

	Afkoma		Eignir		Skuldir		Hrein eign			Gengi		Nafnávöxtun		
	2024	2023	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023	Breyting	31.12.2024	31.12.2023	2024	2023	2022
Landsbréf - Sparibréf stutt hs. ....	145.308	220.447	3.273.583	2.194.517	44.895	23.177	3.228.687	2.171.340	48,70%	20,412	19,193	6,35%	7,12%	(0,04%)
Landsbréf - Sparibréf meðallöng hs. ....	796.506	577.660	13.217.842	13.298.055	22.155	10.809	13.195.687	13.287.246	(0,69%)	5,112	4,815	6,17%	4,72%	(2,67%)
Landsbréf - Sparibréf plús hs. ....	684.484	520.011	11.465.938	11.667.524	18.450	9.664	11.447.488	11.657.860	(1,80%)	14,052	13,246	6,08%	4,75%	(3,82%)
Landsbréf - Sparibréf verðtryggð hs. ....	413.614	470.629	5.884.671	6.416.074	4.418	5.037	5.880.252	6.411.038	(8,28%)	21,785	20,384	6,87%	5,33%	(4,11%)
Landsbréf - Sparibréf óverðtryggð hs. ....	109.541	76.805	2.209.270	2.055.650	1.742	1.417	2.207.528	2.054.233	7,46%	19,690	18,668	5,47%	2,40%	(5,03%)
Landsbréf - Markaðsbréf hs. ....	83.941	44.669	969.842	970.715	779	677	969.063	970.038	(0,10%)	6,941	6,374	8,90%	4,47%	0,03%
Landsbréf - Global Equity Fund hs. ....	586.695	643.347	4.705.950	3.984.467	18.615	32.148	4.687.335	3.952.319	18,60%	4.481,910	3.895,970	15,40%	18,33%	(19,37%)
Landsbréf - Global Portfolio hs. **.....	298.283	474.589	7.450.077	2.228.723	10.509	2.901	7.439.568	2.225.823	234,24%	21,883	19,336	13,17%	23,62%	(25,93%)
Landsbréf - Nordic 40 * hs.....	(11.648)	136.868	888.079	893.825	5.479	3.794	882.601	890.031	(0,83%)	260,340	262,720	(0,91%)	18,04%	(11,03%)
Landsbréf - LEQ UCITS ETF hs. ....	789.145	(7.851)	4.994.393	4.067.055	7.506	774.647	4.986.887	3.292.408	51,47%	2.817,450	2.351,720	19,80%	0,35%	(20,87%)
<b>Samtals.....</b>	<b>3.895.868</b>	<b>3.157.175</b>	<b>55.059.644</b>	<b>47.776.605</b>	<b>134.549</b>	<b>864.269</b>	<b>54.925.095</b>	<b>46.912.337</b>	<b>17,08%</b>					

\* Ávöxtun í mynt sjóðsins, EUR.

\*\* Landsbréf - Global Portfolio hs. var áður rekinn sem sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og er því ekki inn í samtölum síðasta árs í ársreikningi verðbréfasjóða.

## Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni árið 2024

	Landsbréf- Sparibréf stutt hs.	Landsbréf - Sparibréf meðallöng hs.	Landsbréf - Sparibréf plús hs.	Landsbréf - Sparibréf verðtr. hs.	Landsbréf - Sparibréf óverðtr. hs.	Landsbréf - Markaðsbréf hs.	Landsbréf - Global Equity Fund hs.	Landsbréf - Global Portfolio hs.	Landsbréf - Nordic 40 hs.	Landsbréf - LEQ UCITS ETF hs.	2024 Samtals	2023 Samtals
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>												
Arður .....	0	0	0	0	0	0	5.767	15.306	23.689	86.589	131.351	134.035
Vextir .....	139.371	693.356	603.880	167.052	120.843	54.043	3.682	2.905	141	1.081	1.786.354	1.645.748
Verðbætur.....	16.347	165.392	138.632	274.297	0	24.072	0	0	0	0	618.740	1.640.134
Aðrar tekjur .....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	587
<b>Heildartekjur</b>	<b>155.718</b>	<b>858.748</b>	<b>742.512</b>	<b>441.349</b>	<b>120.843</b>	<b>78.115</b>	<b>9.449</b>	<b>18.211</b>	<b>23.830</b>	<b>87.671</b>	<b>2.536.446</b>	<b>3.420.505</b>
<b>Gjöld</b>												
Umsýsluþóknun rekstrarfélags .....	16.841	106.819	93.098	49.470	16.374	8.012	65.714	61.462	10.554	19.113	447.458	386.401
Endurgreidd þóknun.....	0	0	0	0	0	0	(22.762)	0	0	0	(22.762)	0
Vextir og verðbætur .....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	102
Viðskiptakostnaður .....	932	6.000	6.388	833	256	187	343	282	900	1.737	17.858	26.905
Önnur gjöld og kostnaður .....	1.856	10.414	9.076	4.823	1.596	773	3.675	5.245	961	5.734	44.152	39.359
<b>Heildargjöld</b>	<b>19.628</b>	<b>123.233</b>	<b>108.562</b>	<b>55.126</b>	<b>18.226</b>	<b>8.972</b>	<b>46.969</b>	<b>66.989</b>	<b>12.416</b>	<b>26.585</b>	<b>486.706</b>	<b>452.766</b>
<b>Hreinar tekjur .....</b>	<b>136.090</b>	<b>735.515</b>	<b>633.950</b>	<b>386.223</b>	<b>102.617</b>	<b>69.143</b>	<b>(37.520)</b>	<b>(48.778)</b>	<b>11.414</b>	<b>61.086</b>	<b>2.049.739</b>	<b>2.967.739</b>
<b>Innleyst (tap) hagnaður af fjárfestingum .....</b>	<b>(40.262)</b>	<b>(157.756)</b>	<b>(131.313)</b>	<b>(190.424)</b>	<b>(11.671)</b>	<b>(25.645)</b>	<b>1.732.963</b>	<b>67.791</b>	<b>38.823</b>	<b>(17.769)</b>	<b>1.264.736</b>	<b>(3.317.453)</b>
<b>Óinnleystur hagnaður (tap) af fjárfestingum .....</b>	<b>49.479</b>	<b>218.747</b>	<b>181.847</b>	<b>217.815</b>	<b>18.595</b>	<b>40.443</b>	<b>(1.108.748)</b>	<b>279.270</b>	<b>(61.885)</b>	<b>745.829</b>	<b>581.393</b>	<b>3.032.300</b>
<b>Hagnaður (tap) ársins af rekstri sjóðsins</b>	<b>145.308</b>	<b>796.506</b>	<b>684.484</b>	<b>413.614</b>	<b>109.541</b>	<b>83.941</b>	<b>586.695</b>	<b>298.283</b>	<b>(11.648)</b>	<b>789.145</b>	<b>3.895.868</b>	<b>2.682.586</b>
<b>Hrein eign í byrjun árs* .....</b>	<b>2.171.340</b>	<b>13.287.246</b>	<b>11.657.860</b>	<b>6.411.038</b>	<b>2.054.233</b>	<b>970.038</b>	<b>3.952.319</b>	<b>2.225.823</b>	<b>890.031</b>	<b>3.292.408</b>	<b>46.912.336</b>	<b>45.676.256</b>
Hagnaður (tap) ársins af rekstri sjóðsins .....	145.308	796.506	684.484	413.614	109.541	83.941	586.695	298.283	(11.648)	789.145	3.895.868	2.682.586
Seld hlutdeildarskírteini .....	1.289.836	283.567	308.773	319.189	355.355	33.538	731.631	4.972.802	279.880	905.333	9.479.905	13.073.691
Innleyst hlutdeildarskírteini .....	(377.797)	(1.171.632)	(1.203.629)	(1.263.588)	(311.601)	(118.454)	(583.310)	(90.026)	(236.576)	0	(5.356.613)	(16.741.026)
Gjaldeyrsgengisáhrif .....	0	0	0	0	0	0	0	32.686	(39.088)	0	(6.402)	(4.994)
<b>Hrein eign í lok ársins* .....</b>	<b>3.228.687</b>	<b>13.195.687</b>	<b>11.447.488</b>	<b>5.880.252</b>	<b>2.207.528</b>	<b>969.063</b>	<b>4.687.335</b>	<b>7.439.568</b>	<b>882.601</b>	<b>4.986.887</b>	<b>54.925.095</b>	<b>44.686.514</b>

\* Landsbréf - Global Portfolio hs. er nú rekinn sem verðbréfasjóður í stað sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta.



## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Landsbréf - Sparibréf stutt hs.	Landsbréf - Sparibréf meðallöng hs.	Landsbréf - Sparibréf plús hs.	Landsbréf - Sparibréf verðtr. hs.	Landsbréf - Sparibréf óverðtr. hs.	Landsbréf - Markaðsbréf hs.	Landsbréf - Global Equity Fund hs.	Landsbréf - Global Portfolio hs.	Landsbréf - Nordic 40 hs.	Landsbréf - LEQ UCITS ETF hs.	31.12.2024 Samtals	31.12.2023 Samtals
<b>Eignir</b>												
<b>Fjárfestingar</b>												
Verðbréf .....	2.934.643	13.199.281	11.443.622	5.864.499	2.204.708	930.523	0	0	881.156	4.584.897	42.043.328	39.599.701
Peningamarkaðsgjeringar .....	279.379	0	0	0	0	0	0	0	0	0	279.379	1.039.848
Hlutdeildarskírteini .....	0	0	0	0	0	0	4.648.821	7.391.611	0	0	12.040.433	3.892.673
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....	55.012	0	0	0	0	0	0	0	0	0	55.012	75.055
<b>Fjárfestingar samtals</b>	<b>3.269.034</b>	<b>13.199.281</b>	<b>11.443.622</b>	<b>5.864.499</b>	<b>2.204.708</b>	<b>930.523</b>	<b>4.648.821</b>	<b>7.391.611</b>	<b>881.156</b>	<b>4.584.897</b>	<b>54.418.152</b>	<b>44.607.278</b>
<b>Aðrar eignir</b>												
Reiðufé .....	4.549	18.528	22.317	2.842	4.563	39.316	33.920	56.945	6.923	116.403	306.306	939.094
Aðrar eignir .....	0	34	0	17.329	0	2	23.209	1.520	0	293.093	335.186	1.510
<b>Aðrar eignir samtals</b>	<b>4.549</b>	<b>18.561</b>	<b>22.317</b>	<b>20.171</b>	<b>4.563</b>	<b>39.318</b>	<b>57.129</b>	<b>58.465</b>	<b>6.923</b>	<b>409.496</b>	<b>641.492</b>	<b>940.604</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>3.273.583</b>	<b>13.217.842</b>	<b>11.465.938</b>	<b>5.884.671</b>	<b>2.209.270</b>	<b>969.842</b>	<b>4.705.950</b>	<b>7.450.077</b>	<b>888.079</b>	<b>4.994.393</b>	<b>55.059.644</b>	<b>45.547.882</b>
<b>Skuldir</b>												
Skuld við rekstrarfélag .....	2.110	9.894	8.616	4.379	1.647	722	52	10.509	2.843	7.439	48.210	37.884
Aðrar skuldir .....	42.786	12.262	9.834	39	95	57	18.563	0	2.636	67	86.339	823.485
<b>Skuldir samtals</b>	<b>44.895</b>	<b>22.155</b>	<b>18.450</b>	<b>4.418</b>	<b>1.742</b>	<b>779</b>	<b>18.615</b>	<b>10.509</b>	<b>5.479</b>	<b>7.506</b>	<b>134.549</b>	<b>861.368</b>
<b>Hrein eign .....</b>	<b>3.228.687</b>	<b>13.195.687</b>	<b>11.447.488</b>	<b>5.880.252</b>	<b>2.207.528</b>	<b>969.063</b>	<b>4.687.335</b>	<b>7.439.568</b>	<b>882.601</b>	<b>4.986.887</b>	<b>54.925.095</b>	<b>44.686.514</b>
<b>Fjöldi útgefna hlutdeildarskírteina í þús.</b>	158.176	2.581.316	814.652	269.922	112.114	139.614	1.046	2.460	24	1.770		
<b>Gengi hlutdeildarskírteina</b>	20,412	5,112	14,052	21,785	19,690	6,941	4.481,910	21,883	260,340	2.817,450		

Landsbréf - Sparibréf stutt hs.  
Verðbréfasjóður

Ársreikningur 2024

## Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni árið 2024

	<b>2024</b>	<b>2023</b>
<b>Tekjur</b>		
Vextir .....	139.371	170.584
Verðbætur .....	16.347	142.924
<b>Heildartekjur</b>	<u>155.718</u>	<u>313.508</u>
<b>Gjöld</b>		
Umsýsluþóknun rekstrarfélags .....	16.841	25.562
Viðskiptakostnaður .....	932	2.008
Önnur gjöld og kostnaður .....	1.856	2.719
<b>Heildargjöld</b>	<u>19.628</u>	<u>30.290</u>
<b>Hreinar tekjur</b> .....	136.090	283.219
<b>Innleyst tap fjárfestinga</b> .....	(40.262)	(451.052)
<b>Óinnleystur hagnaður fjárfestinga</b> .....	49.479	388.280
<b>Hagnaður ársins af rekstri sjóðsins</b>	<u><b>145.308</b></u>	<u><b>220.447</b></u>
<b>Hrein eign í byrjun árs</b> .....	2.171.340	5.956.046
Hagnaður ársins af rekstri sjóðsins .....	145.308	220.447
Seld hlutdeildarskírteini .....	1.289.836	1.410.618
Innleyst hlutdeildarskírteini .....	(377.797)	(5.415.772)
<b>Hrein eign í lok ársins</b> .....	<u><b>3.228.687</b></u>	<u><b>2.171.340</b></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>	1		
Verðbréf .....		2.934.643	1.891.875
Peningamarkaðsgerningar .....		279.379	279.379
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....		55.012	0
<b>Fjárfestingar samtals</b>		<u>3.269.034</u>	<u>2.171.254</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Reiðufé .....		4.549	23.264
<b>Aðrar eignir samtals</b>		<u>4.549</u>	<u>23.264</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>3.273.583</u>	<u>2.194.517</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuld við rekstrarfélag .....		2.110	1.358
Aðrar skuldir .....		42.786	21.819
<b>Skuldir samtals</b>		<u>44.895</u>	<u>23.177</u>
<b>Hrein eign .....</b>		<b><u>3.228.687</u></b>	<b><u>2.171.340</u></b>
<b>Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina í þús.</b>		158.176	113.132
<b>Gengi hlutdeildarskírteina</b>		20,412	19,193

# Skýringar

## 1. Sundurliðun fjárfestinga

### Sundurliðun eftir fjármálagerningum og útgefendum:

	Ríki eða sveitarfélög, útféið eða í ábyrgð		Annað		31.12.2024	
		%		%	Samtals	%
Framsélfanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar skráð á skipulegum verðbréfamarkaði						
Ríkissjóður Íslands .....	3.214.022	98%	0	0%	3.214.022	98%
	3.214.022	98%	0	0%	3.214.022	98%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum						
Landsbankinn hf. ....	55.012	2%	0	0%	55.012	2%
	55.012	2%	0	0%	55.012	2%
Reiðufé .....	0	0%	4.549	0%	4.549	0%
	0	0%	4.549	0%	4.549	0%
<b>Eignir samtals</b>	<b>3.269.034</b>	<b>100%</b>	<b>4.549</b>	<b>0%</b>	<b>3.273.583</b>	<b>100%</b>

### Sundurliðun eftir fjárfestingaráherslum:

	Ríki eða sveitarfélög, útféið eða í ábyrgð		Annað		31.12.2024	
		%		%	Samtals	%
Óverðtryggð ríkisbréf .....	2.913.011	89%	0	0%	2.913.011	89%
Verðtryggð ríkisbréf .....	301.011	9%	0	0%	301.011	9%
Reiðufé .....	0	0%	4.549	0%	4.549	0%
<b>Eignir samtals</b>	<b>3.214.022</b>	<b>98%</b>	<b>59.561</b>	<b>2%</b>	<b>3.273.583</b>	<b>100%</b>

Markmið sjóðsins er að ná ávöxtun sem endurspeglar ávöxtun stuttra skuldabréfa með ábyrgð ríkis og innlána.

## Skýringar, frh.

### 2. Sundurliðun á breytingu stærstu eigna og hlutfall af heildareignum sjóðs

Taflan sýnir stöðu á eignaflokkum í lok ársins, stöðu sömu flokka um síðustu áramót ásamt breytingu ára.

	31.12.2024		31.12.2023		Breyting	%
	Staða	%	Staða	%		
RIKB 27 0415 .....	930.889	28%	0	0%	930.889	28%
RIKB 26 1015 .....	904.293	28%	573.005	26%	331.288	10%
RIKB 28 1115 .....	872.168	27%	590.793	27%	281.374	9%
RIKB 31 0124 .....	205.661	6%	0	0%	205.661	6%
RIKS 30 0701 .....	188.363	6%	159.227	7%	29.136	1%
RIKS 33 0321 .....	84.789	3%	0	0%	84.789	3%
LÍ INNLÁN .....	55.012	2%	0	0%	55.012	2%
RIKS 26 0216 .....	27.859	1%	160.183	7%	(132.324)	(4%)
Samtals	3.269.034	100%	1.483.209	68%	1.785.825	55%
Aðrar fjárfestingar .....	0	0%	688.045	31%	(688.045)	(21%)
Reiðufé .....	4.549	0%	23.264	1%	(18.715)	(1%)
<b>Eignir samtals</b>	<b>3.273.583</b>	<b>100%</b>	<b>2.194.517</b>	<b>100%</b>	<b>1.079.065</b>	<b>33%</b>

### 3. Uppsöfnuð heildar kaup og uppsafnaðar heildarsölur

Töflurnar sýna uppsöfnuð heildar kaup og uppsafnaðar heildarsölur allra flokka fyrir árið.

Flokkur	Kaupverð	Söluverð
RIKB 27 0415 .....	963.410	58.062
RIKB 26 1015 .....	805.284	485.831
RIKB 31 0124 .....	500.284	299.750
RIKB 28 1115 .....	357.706	74.877
RIKS 26 0216 .....	167.349	301.423
RIKS 30 0701 .....	157.025	134.546
RIKB 25 0612 .....	114.174	439.163
RIKS 33 0321 .....	82.468	0
HFF150434 .....	0	84.173
<b>Samtals</b>	<b>3.147.700</b>	<b>1.877.825</b>

### 4. Hlutdeildarskírteini

Taflan sýnir raunávöxtun og nafnávöxtun sjóðsins. Ávöxtun er sýnd fyrir hvert rekstrarár. Þá sýnir taflan einnig bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina og kaupgengi þeirra í mynt viðkomandi sjóðs.

	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2022	31.12.2021
Nafnávöxtun .....	6,35%	7,12%	(0,04%)	1,90%
Raunávöxtun .....	1,53%	(1,23%)	(8,58%)	(2,81%)
Kaupgengi hlutdeildarskírteina .....	20,412	19,193	17,918	17,926
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina .....	3.228.687	2.171.340	5.956.046	6.978.365

### 5. Fjárhagsleg áhættustjórnun félagsins, sjá skýringu 2 í A-hluta

### 6. Yfirlit yfir helstu reikningskilaaðferðir, sjá skýringu 16 í A-hluta

Landsbréf - Sparibréf meðallöng hs.  
Verðbréfasjóður

Ársreikningur 2024

## Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni árið 2024

	<b>2024</b>	<b>2023</b>
<b>Tekjur</b>		
Vextir .....	693.356	566.741
Verðbætur .....	165.392	399.829
<b>Heildartekjur</b>	<u>858.748</u>	<u>966.570</u>
<b>Gjöld</b>		
Umsýsluþóknun rekstrarfélags .....	106.819	98.474
Víðskiptakostnaður .....	6.000	8.370
Önnur gjöld og kostnaður .....	10.414	9.177
<b>Heildargjöld</b>	<u>123.233</u>	<u>116.021</u>
<b>Hreinar tekjur</b> .....	735.515	850.549
<b>Innleyst tap fjárfestinga</b> .....	(157.756)	(791.422)
<b>Óinnleystur hagnaður fjárfestinga</b> .....	218.747	518.533
<b>Hagnaður ársins af rekstri sjóðsins</b>	<u><b>796.506</b></u>	<u><b>577.660</b></u>
<b>Hrein eign í byrjun árs</b> .....	13.287.246	11.143.071
Hagnaður ársins af rekstri sjóðsins .....	796.506	577.660
Seld hlutdeildarskírteini .....	283.567	2.884.440
Innleyst hlutdeildarskírteini .....	(1.171.632)	(1.317.925)
<b>Hrein eign í lok ársins</b> .....	<u><b>13.195.687</b></u>	<u><b>13.287.246</b></u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>	1		
Verðbréf .....		13.199.281	12.981.291
Peningamarkaðsgerningar .....		0	239.367
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....		0	75.055
<b>Fjárfestingar samtals</b>		<u>13.199.281</u>	<u>13.295.714</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Reiðufé .....		18.528	2.341
Aðrar eignir .....		34	0
<b>Aðrar eignir samtals</b>		<u>18.561</u>	<u>2.341</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>13.217.842</u>	<u>13.298.055</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuld við rekstrarfélag .....		9.894	9.642
Aðrar skuldir .....		12.262	1.167
<b>Skuldir samtals</b>		<u>22.155</u>	<u>10.809</u>
<b>Hrein eign .....</b>		<b><u>13.195.687</u></b>	<b><u>13.287.246</u></b>
<b>Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina í þús.</b>		2.581.316	2.759.553
<b>Gengi hlutdeildarskírteina</b>		5,112	4,815

# Skýringar

## 1. Sundurliðun fjárfestinga

### Sundurliðun eftir fjármálagerningum og útgefendum:

	Ríki eða sveitarfélög, útgengið eða í ábyrgð		Annað		31.12.2024 Samtals	
		%		%		%
Framseltjanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar skráð á skipulegum verðbréfamarkaði						
Ríkissjóður Íslands .....	13.199.281	100%	0	0%	13.199.281	100%
	13.199.281	100%	0	0%	13.199.281	100%
Reiðufé .....	0	0%	18.528	0%	18.528	0%
Aðrar eignir .....	0	0%	34	0%	34	0%
	0	0%	18.561	0%	18.561	0%
<b>Eignir samtals</b>	<b>13.199.281</b>	<b>100%</b>	<b>18.561</b>	<b>0%</b>	<b>13.217.842</b>	<b>100%</b>

### Sundurliðun eftir fjárfestingaráherslum:

	Ríki eða sveitarfélög, útgengið eða í ábyrgð		Annað		31.12.2024 Samtals	
		%		%		%
Óverðtryggð ríkisbréf .....	9.521.118	72%	0	0%	9.521.118	72%
Verðtryggð ríkisbréf .....	3.678.163	28%	0	0%	3.678.163	28%
Reiðufé .....	0	0%	18.528	0%	18.528	0%
Aðrar eignir .....	0	0%	34	0%	34	0%
<b>Eignir samtals</b>	<b>13.199.281</b>	<b>100%</b>	<b>18.561</b>	<b>0%</b>	<b>13.217.842</b>	<b>100%</b>

Markmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda hlutdeildarskírteina með fjárfestingu í dreifðu eignasafni skuldabréfa með ábyrgð ríkis og í innlánnum hjá fjármálafyrirtækjum.

## Skýringar, frh.

### 2. Sundurliðun á breytingu stærstu eigna og hlutfall af heildareignum sjóðs

Taflan sýnir stöðu á eignaflokkum í lok ársins, stöðu sömu flokka um síðustu áramót ásamt breytingu ára.

	31.12.2024		31.12.2023		Breyting	
	Staða	%	Staða	%		%
RIKB 28 1115 .....	3.544.235	27%	2.810.310	21%	733.925	6%
RIKB 27 0415 .....	1.694.758	13%	0	0%	1.694.758	13%
RIKS 33 0321 .....	1.607.863	12%	508.075	4%	1.099.788	8%
RIKB 35 0917 .....	1.454.931	11%	1.058.829	8%	396.102	3%
RIKS 30 0701 .....	1.272.976	10%	1.368.410	10%	(95.434)	(1%)
RIKB 31 0124 .....	1.212.260	9%	2.448.158	18%	(1.235.897)	(9%)
RIKB 26 1015 .....	939.668	7%	1.516.546	11%	(576.879)	(4%)
RIKS 26 0216 .....	797.324	6%	1.236.095	9%	(438.771)	(3%)
RIKB 42 0217 .....	675.266	5%	1.565.527	12%	(890.261)	(7%)
HFF150434 .....	0	0%	308.992	2%	(308.992)	(2%)
Tíu stærstu samtals	13.199.281	100%	12.820.941	96%	378.339	3%
Aðrar fjárfestingar .....	0	0%	474.772	4%	(474.772)	(4%)
Reiðufé .....	18.528	0%	2.341	0%	16.187	0%
Aðrar eignir .....	34	0%	0	0%	34	0%
<b>Eignir samtals</b>	<b>13.217.842</b>	<b>100%</b>	<b>13.298.055</b>	<b>100%</b>	<b>(80.213)</b>	<b>(1%)</b>

### 3. Uppsöfnuð heildar kaup og uppsafnaðar heildarsölur

Töflurnar sýna uppsöfnuð heildar kaup og uppsafnaðar heildarsölur allra flokka fyrir árið.

Flokkur	Kaupverð	Söluverð
RIKB 27 0415 .....	2.380.909	727.488
RIKB 35 0917 .....	2.081.791	1.695.222
RIKB 28 1115 .....	1.957.403	1.249.222
RIKB 31 0124 .....	1.199.852	2.413.234
RIKB 26 1015 .....	1.132.033	1.723.581
RIKS 33 0321 .....	1.105.538	57.608
RIKS 26 0216 .....	641.341	1.122.531
RIKS 30 0701 .....	452.062	612.456
RIKB 25 0612 .....	328.810	485.866
RIKB 42 0217 .....	228.007	1.107.482
HFF150434 .....	0	310.780
RIKS 37 0115 .....	0	10.265
<b>Samtals</b>	<b>11.507.747</b>	<b>11.515.735</b>

## Skýringar, frh.

---

### 4. Hlutdeildarskírteini

Taflan sýnir raunávöxtun og nafnávöxtun sjóðsins. Ávöxtun er sýnd fyrir hvert rekstrarár. Þá sýnir taflan einnig bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina og kaupgengi þeirra í mynt viðkomandi sjóðs.

	<b>31.12.2024</b>	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
Nafnávöxtun .....	6,17%	4,72%	(2,67%)	2,38%
Raunávöxtun .....	1,35%	(3,44%)	(10,98%)	(2,35%)
Kaupgengi hlutdeildarskírteina .....	5,112	4,815	4,598	4,724
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina .....	13.195.687	13.287.246	11.143.071	11.219.211

### 5. Fjárhagsleg áhættustjórnun félagsins, sjá skýringu 2 í A-hluta

### 6. Yfirlit yfir helstu reikningsskilaaðferðir, sjá skýringu 16 í A-hluta

Landsbréf - Sparibréf plús hs.  
Verðbréfasjóður

Ársreikningur 2024

## Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni árið 2024

	2024	2023
<b>Tekjur</b>		
Vextir .....	603.880	561.397
Verðbætur .....	138.632	392.121
	742.512	953.518
<b>Gjöld</b>		
Umsýsluþóknun rekstrarfélags .....	93.098	96.083
Víðskiptakostnaður .....	6.388	9.053
Önnur gjöld og kostnaður .....	9.076	8.955
<b>Heildargjöld</b>	108.562	114.091
<b>Hreinar tekjur</b> .....	633.950	839.427
<b>Innleyst tap af fjárfestingum</b> .....	(131.313)	(924.246)
<b>Óinnleystur hagnaður af fjárfestingum</b> .....	181.847	604.830
<b>Hagnaður ársins af rekstri sjóðsins</b>	<b>684.484</b>	<b>520.011</b>
<b>Hrein eign í byrjun árs</b> .....	11.657.860	9.959.098
Hagnaður ársins af rekstri sjóðsins .....	684.484	520.011
Seld hlutdeildarskírteini .....	308.773	4.255.895
Innleyst hlutdeildarskírteini .....	(1.203.629)	(3.077.143)
<b>Hrein eign í lok ársins</b> .....	<b>11.447.488</b>	<b>11.657.860</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>	1		
Verðbréf .....		11.443.622	11.478.118
Peningamarkaðsgæringar .....		0	172.283
<b>Fjárfestingar samtals</b>		11.443.622	11.650.401
<b>Aðrar eignir</b>			
Reiðufé.....		22.317	17.123
<b>Aðrar eignir samtals</b>		22.317	17.123
<b>Eignir samtals</b>		11.465.938	11.667.524
<b>Skuldir</b>			
Skuld við rekstrarfélag .....		8.616	8.037
Aðrar skuldir.....		9.834	1.627
<b>Skuldir samtals</b>		18.450	9.664
<b>Hrein eign .....</b>		<b>11.447.488</b>	<b>11.657.860</b>
<b>Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina í þús.</b>		814.652	880.104
<b>Gengi hlutdeildarskírteina</b>		14,052	13,246

# Skýringar

## 1. Sundurliðun fjárfestinga

### Sundurliðun eftir fjármálagerningum og útgendum:

	Ríki eða sveitarfélög, útgengið eða í ábyrgð		Annað		31.12.2024 Samtals	
		%		%		%
Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar skráð á skipulegum verðbréfamarkaði						
Ríkissjóður Íslands .....	11.443.622	100%	0	0%	11.443.622	100%
	11.443.622	100%	0	0%	11.443.622	100%
Reiðufé .....	0	0%	22.317	0%	22.317	0%
	0	0%	22.317	0%	22.317	0%
<b>Eignir samtals</b>	<b>11.443.622</b>	<b>100%</b>	<b>22.317</b>	<b>0%</b>	<b>11.465.938</b>	<b>100%</b>

### Sundurliðun eftir fjárfestingaráherslum:

	Ríki eða sveitarfélög, útgengið eða í ábyrgð		Annað		31.12.2024 Samtals	
		%		%		%
Óverðtryggð ríkisbréf .....	8.612.508	75%	0	0%	8.612.508	75%
Verðtryggð ríkisbréf .....	2.831.113	25%	0	0%	2.831.113	25%
Reiðufé .....	0	0%	22.317	0%	22.317	0%
<b>Eignir samtals</b>	<b>11.443.622</b>	<b>100%</b>	<b>22.317</b>	<b>0%</b>	<b>11.465.938</b>	<b>100%</b>

Markmið sjóðsins eru að auka verðmæti eigenda hlutdeildarskírteina með fjárfestingu í dreifðu eignasafni verðbréfa með ábyrgð íslenska ríkisins og í innlánnum hjá fjármálafyrirtækjum.



## Skýringar, frh.

### 2. Sundurliðun á breytingu stærstu eigna og hlutfall af heildareignum sjóðs

Taflan sýnir stöðu á eignaflokkum í lok ársins, stöðu sömu flokka um síðustu áramót ásamt breytingu ára.

	31.12.2024		31.12.2023		Breyting	
	Staða	%	Staða	%		%
RIKB 28 1115 .....	2.997.429	26%	2.642.355	23%	355.073	3%
RIKB 35 0917 .....	1.998.358	17%	1.016.895	9%	981.462	9%
RIKB 27 0415 .....	1.499.889	13%	0	0%	1.499.889	13%
RIKS 33 0321 .....	1.106.497	10%	482.934	4%	623.563	5%
RIKS 30 0701 .....	1.086.460	9%	1.132.943	10%	(46.483)	(0%)
RIKB 31 0124 .....	1.036.875	9%	2.316.113	20%	(1.279.238)	(11%)
RIKB 42 0217 .....	860.160	8%	1.673.392	14%	(813.232)	(7%)
RIKS 26 0216 .....	416.366	4%	937.786	8%	(521.419)	(5%)
RIKS 37 0115 .....	221.790	2%	257.961	2%	(36.171)	(0%)
RIKB 26 1015 .....	219.798	2%	510.395	4%	(290.597)	(3%)
Tíu stærstu samtals	11.443.622	100%	10.970.774	94%	472.847	4%
Aðrar fjárfestingar .....	0	0%	679.626	6%	(679.626)	(6%)
Reiðufé .....	22.317	0%	17.123	0%	5.194	0%
<b>Eignir samtals</b>	<b>11.465.938</b>	<b>100%</b>	<b>11.667.524</b>	<b>100%</b>	<b>(201.586)</b>	<b>(2%)</b>

### 3. Uppsöfnuð heildarkaup og uppsafnaðar heildarsölur

